# FRÉTTABLAÐIÐ

286. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 4. DESEMBER 2018




Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Anna Kolbrún Árnadóttir, þingmenn Miðflokksins, ráða ráðum sínum á þingflokksfundi flokksins í gær. Sigmundur Davíð hefur ekki íhugað afsögn en Anna Kolbrún Árnadóttir liggur undir feldi og veltir fyrir sér hvort hún eigi að segja af sér. Forseti þingsins bað þjóðina afsökunar á háttalagi þeirra. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Unglingar beðnir um ögrandi myndir

**Umfang sendinga á nektar- og ögrandi myndum meðal elstu nemenda grunnskóla var nýverið kannað. Um fjórðungur nemenda tíunda bekkjar hefur sent slíkar myndir. Tilefni til fræðslu um mögulegar afleiðingar slíkra myndskeyta að mati umboðsmanns barna.**

**SAMFÉLAG** Tæplega önnur hver stúlka í 10. bekk hér á landi hefur verið beðin um að senda nektarmynd eða ögrandi mynd af sér. Þá hafa þrjátíu prósent stúlkna og um fimmtungur drengja í tíunda bekk sent slíka mynd af sér til einhvers.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í nýlegri rannsókn sem unnin var af Rannsókn og greiningu. Um er að ræða rannsóknina Ungt fólk sem unnin hefur verið á Íslandi frá árinu 1997 og er lögð fyrir á landsvísu. Rannsóknin hefur meðal annars að geyma spurningar um fjölskylduaðstæður, skipulagt íþrótta- og tómstundastarf, neyslu vímuefna og félagslegar aðstæður.

> Þetta er nýr veruleiki að börn séu að senda svona myndir á milli sín og til annarra
>
> Salvör Nordal, umboðsmaður barna



Í ár var í fyrsta skipti spurt um notkun snjalltækja til að senda og biðja um ögrandi myndir eða nektarmyndir. Niðurstöðurnar leiða í ljós að um sjö prósent barna í áttunda bekk hafa sent slíka mynd af sér. Gildir það óháð kyni. Tæplega tólf prósent stráka og tæpur fjórðungur stúlkna á sama aldri hafa fengið beiðni um að senda slíka mynd. Tæplega fjórðungur drengja í tíunda bekk hefur beðið einhvern um að senda slíka mynd en hlutfallið hjá stúlkunum er fjórtán prósent.

„Það er nýr veruleiki að börn séu að senda svona myndir á milli sín og til annarra. Þetta eru háar tölur sem benda til að það þurfi að vera umræða og fræðsla fyrir börn, bæði innan skóla og heimilis, um möguleg áhrif slíkra sendinga,“ segir Salvör Nordal, umboðsmaður barna.

Sem fyrr segir er þetta í fyrsta sinn sem slíkur spurningalisti er lagður fyrir þennan aldurshóp hér á landi. Þá hefur slíkt ekki verið gert í löndum sem Ísland ber sig saman við. Á forsíðu Fréttablaðsins 8. nóvember 2016 var sagt frá niðurstöðum könnunar sem gerð var á 1.867 framhaldsskólanemum. Þar kom fram að rúmlega helmingur kvenna og tæplega helmingur karla hefði sent nektarmyndir af sér. **– jóe**

## Huliðsklæðin í dómsölunum

**TÍSKA** Fólk á sakamannabekk dregur iðiulega klúta eða trefla yfir andlitið er það gengur í dómsal.

Flestir eru með ódýrar flíkur en í gær mætti einn hinna grunuðu í Bitcoin-málinu svokallaða í Héraðsdóm Reykjaness með rándýran Louis Vuitton-klút.

Fréttablaðið tók saman myndir af tískustraumum í dómsal. **– bbh /** **sjá síðu 24**



## Fréttablaðið í dag

Halldór




**SKOÐUN** Ungliðahreyfing Viðreisnar vill rannsókn á skipun sendiherra síðustu ár. 11

**SPORT** Luka Modric fyrstur Króata til að fá Gullboltann. 12

**MENNING** Dómur um Rejúníon, nýtt íslenskt leikrit. 18

**LÍFIÐ** Fjórar íslenskar listakonur fá góða dóma í Los Angeles.. 26

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015










## Veður




Breytileg átt 3-8 m/s og snjókoma eða él fyrir hádegi en yfirleitt úrkomulítið síðdegis. Frost 2 til 18 stig, kaldast NA til, en mildast við SV- og S-ströndina. SJÁ SÍÐU 16



**Allir ákærðu mættu til aðalmeðferðar málsins í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Segja útlending vera höfuðpaur í bitcoin-málinu

**DÓMSMÁL** Meðal ástæðna þess að Sindri Þór Stefánsson var fluttur af Hólmsheiði í opna fangelsið á Sogni meðan hann var enn í gæsluvarðhaldi vegna bitcoin-málsins var viðkvæm geðheilsa hans eftir einangrunarvistina. Fram kom við aðalmeðferð málsins í gær að hann var fluttur á geðdeild eftir að hann losnaði úr einangrun.

Í skýrslutökum af hinum sjö ákærðu í gær viðurkenndi enginn að hafa skipulagt og lagt á ráðin um innbrot og þjófnað úr gagnaveri Advania í upphafi árs. Sindri Þór og Matthías Jón Karlsson játuðu að hafa átt þátt í innbrotinu en aðeins tekið við skipunum frá óþekktum aðila, líklega útlendingi, sem þeir hræðist og vilja ekki segja til. Aðrir ákærðu neita alfarið sök.

Öryggisverðinum Ívari Gylfasyni, sem gefið er að sök að hafa aðstoðað með því að hafa látið öðrum ákærðu í té upplýsingar, þar á meðal öryggiskóða og yfirhöfn merkta Öryggismiðstöðinni, neitar þeim sakargiftum, þvert gegn framburði Sindra og Matthíasar.

Ívar greindi einnig frá því að mikið hefði verið þrýst á sig að veita upplýsingar og sér hafi verið hótað líkamsmeiðingum af krúnurökuðum manni sem hann hafi setið með í aftursæti bíls. Maðurinn hafi talað með hreim og líklega væri um útlending að ræða. Fjallað var ítarlega um aðalmeðferðina á frettabladid.is í gær. Henni verður fram haldið á morgun. **– aá**

# Leiklásu óráðshjal sex þingmanna



**Edda Björg Eyjólfsdóttir, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Sigrún Edda Björnsdóttir, Þuríður Blær Jóhannsdóttir og Þórunn Anna Kristjánsdóttir brugðu sér í gær í hlutverk þriggja þingkarla Miðflokksins og tveggja nýóháðra á sviði Borgarleikhússins. Sýning gærdagsins var leiklestur á upptökum af fylleríi þingmanna á barnum Klaustri. Hilmar Guðjónsson lék Önnu Kolbrúnu Árnadóttur og Bergur Þór Ingólfsson leikstýrði.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Vill allt að árs dóm yfir Júlíusi

**DÓMSMÁL** Saksóknari fer fram á að Júlíus Vífill Ingvarsson, fyrrverandi borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, verði dæmdur í átta til tólf mánaða fangelsi fyrir peningaþvætti.

Þetta kom fram í munnlegum málflutningi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Júlíus sætir ákæru fyrir að hafa þvættað um fimmtíu milljónir króna gegnum sjóð, sem hann var rétthafi að ásamt eiginkonu og börnum, í tengslum við viðskipti bílaumboðs Ingvars Helgasonar.

Að mati saksóknara er um peningaþvættisbrot að ræða óháð meintu frumbroti sem á að hafa átt sér stað á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Umræddir fjármunir voru geymdir á bankareikningi á eyjunni Jersey til ársins 2014 en þá færðir til Sviss.

Í ljósi hás ásetningsstigs var það mat saksóknara að ekki væri rétt að binda refsinguna skilorði. **– dfb**




# Fimm hundruð fengu jólabónus kjararáðs

**Fleiri en þjóðkjörnir fulltrúar fá veglegri jólabónus en gerist almennt á vinnumarkaði. Allir sem fengu laun ákvörðuð hjá kjararáði fengu 181 þúsund krónur. Fjármálaráðuneytið bendir á að hópurinn fái ekki orlofsuppbót á sumrin.**



**Þjóðkjörnir fulltrúar og allir þeir fimm hundruð sem heyrðu undir kjararáð fengu veglegri desemberuppbót en flestir.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**KJARAMÁL** Allir sem kjararáð ákvarðaði laun áður en það var aflagt fengu 181 þúsund krónur í desemberuppbót um mánaðamótin. Samkvæmt upplýsingum frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu eru það fimm hundruð manns. Algeng desemberuppbót á hinum almenna vinnumarkaði í ár er 89 þúsund krónur.

Umræða skapaðist um helgina um desemberuppbót þingmanna eftir að Björn Leví Gunnarsson, þingmaður Pírata, birti mynd af launaseðli sínum á Facebook og lét í kjölfarið hafa eftir sér í viðtali að hann teldi uppbótina of háa og óþarfa. Verkalýðsforingjar hafa síðan gagnrýnt „sjálftökuna“ harkalega.

Það eru fleiri en þjóðkjörnir fulltrúar sem fá hærri uppbót en almúginn. Það á við um allt opinbera embættismannakerfið og alla sem tóku laun samkvæmt ákvörðun kjararáðs áður en það var lagt niður í júlí.

Samkvæmt reglum kjararáðs um starfskjör fengu þeir sem tóku laun samkvæmt úrskurði þess greiddar 19 einingar í desemberuppbót samkvæmt launaflokki 136 í launatöflu kjararáðs nr. 502. Ein eining var 9.572 krónur, alls 181.868 krónur.

Hvergi í reglunum er talað um annað en að desemberuppbótin sé eitthvað annað en það, í það minnsta hvergi minnst á að hún sé samtala orlofs- og desemberuppbóta. Í svari ráðuneytisins til Fréttablaðsins segir þó að á móti hafi gamli kjararáðshópurinn ekki fengið orlofsuppbót í júní líkt og flestir aðrir.

„En desember- og orlofsuppbót flestra stéttarfélaga ríkisins er samtals 137 þúsund krónur,“ segir Elva Björk Sverrisdóttir, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins. Þó tillit væri tekið til þeirrar útskýringar er jólauppbót kjararáðshópsins samt 45 þúsund krónum hærri en gengur og gerist. Að orlofsuppbót slepptri er jólabónusinn 92 þúsund krónum hærri en almennt gerist.

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneytinu gilda fyrri ákvarðanir kjararáðs þar til nýtt kerfi tekur við. Það sé fyrirhugað 1. janúar næstkomandi.

Fjármálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingu á ýmsum lögum vegna brottfalls laga um kjararáð. Markmiðið er að koma á fót nýju fyrirkomulagi launaákvörðana þeirra sem heyrðu undir kjararáð. **mikael@frettabladid.is**

### Þessi heyrðu undir kjararáð

- Forseti Íslands
- Alþingismenn
- Ráðherrar
- Dómarar
- Saksóknarar
- Ráðuneytisstjórar
- Sendiherrar
- Forsetaritari
- Seðlabankastjóri
- Aðstoðarseðlabankastjóri
- Ríkissáttasemjari
- Skrifstofustjórar sem heyra undir ráðherra
- Nefndarmenn yfirskattanefndar, úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, kærunefndar útlendingamála og úrskurðarnefndar velferðarmála sem eru í fullu starfi
- Dómarar í Félagsdómi
- Biskup Íslands, vígslubiskupar, prófastar og prestar




**Minnkum kolefnisspor og breytum heiminum**

Þegar fyrirtæki tengist Orku náttúrunnar er það í viðskiptum við leiðandi aðila á heimsvísu í nýtingu jarðvarma og minnkun kolefnisfótspors í orkuvinnslu. Við virkjanir ON starfar margt fremsta vísindafólk landsins og þróunarverkefni ON í loftslagsmálum hafa vakið heimsathygli. Jarðgufuvirkjanir ON eru með eitt minnsta kolefnisfótspor í sínum flokki og þar hefur verið þróuð aðferð til að binda koltvíoxíð sem grjót í jarðlögum. Orka náttúrunnar stefnir að sjálfbærri og sporlausri vinnslu jarðhitans. Lítið spor verður stórt stökk fyrir núlifandi og komandi kynslóðir.

**Kynntu þér umhverfisvæna orkuframleiðslu á on.is og fáðu ráðgjöf sérfræðinga ON um hagstæðustu kostina fyrir þitt fyrirtæki.**

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Þjónustusími allan sólarhringinn: 591 2700 · www.on.is

ORKA NÁTTÚRUNNAR

# Dómari sem ógilti tilskipun Trumps í innflytjendamáli dæmir í máli Jóhanns Helgasonar

**DÓMSMÁL** Dolly M. Gee, sem ógilti tilskipun Donalds Trump í innflytjendamálum í sumar, hefur verið skipuð dómari í höfundarréttarmáli Jóhanns Helgasonar í Los Angeles.

Gee er fyrsta konan af kínversku foreldri í Bandaríkjunum sem gegnir dómaraembætti þar í landi.

Fjallað var um Gee í New York Times í júní í sumar eftir að ljóst varð að hún myndi dæma í máli Bandaríkjastjórnar sem vildi herða á reglum um innflytjendur með tilskipun frá Trump forseta. Óskaði Jeff Sessions, þáverandi dómsmálaráðherra, eftir undanþágu frá þeirri reglu að ekki mætti hafa ólöglegar innflytjendafjölskyldur í haldi lengur en í tuttugu daga.



**Dolly M. Gee er dómari í máli um meintan stuld á lagi Jóhanns Helgasonar.**

New York Times benti á að ef eitthvað væri að marka fyrri dóma Gees í innflytjendamálum yrði málið torsótt fyrir ríkisstjórnina. Og það gekk eftir því Gee felldi tilskipunina úr gildi. Sagði hún enga ástæðu til umræddra breytinga og benti á að ef gera ætti slíkar breytingar yrði það að vera á vettvangi löggjafarvaldsins.

„Dolly M. Gee dómari hefur kallað meðferðina á börnum innflytjenda í haldi skammarlega,“ segir New York Times. „Hún hefur sakað alríkisstjórnina um „hræðsluáróður“ með því að halda því fram að það væri nauðsynleg fæling fólgin í að setja innflytjendafjölskyldur í varðhald. Og þetta var í tíð Obamastjórnarinnar.“ – **gar**

## Siðanefnd ætlar að vinna hratt

**ALÞINGI** Siðanefnd Alþingis hefur verið kölluð saman í fyrsta sinn til að skoða samskipti þingmanna á barnum Klaustri. Rannsaka á hvort athæfi þeirra, orð og gjörðir, séu brot á siðareglum þingsins.

Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Miðflokksins, segir þingflokkinn ætla að byggja upp traust.

Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrverandi forseti Alþingis, er formaður siðanefndarinnar. Aðrir í siðanefndinni eru Salvör Nordal,



**Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, formaður siðanefndar Alþingis.**

sérfræðingur Siðfræðistofnunar, og Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við lagadeild HÍ. Nefndin fundar í dag.

„Við höfum ekki sett okkur neinn tímaramma í þessu máli en við munum vinna þetta á þeim tíma sem við þurfum,“ segir Ásta Ragnheiður.

Þorsteinn Sæmundsson segir ummæli þingmanna ekki gefa tilefni til afsagnar. Ætlunin sé að ávinna traust fólksins aftur,„Ég er ekki að segja að það sé auðvelt og gerist ekki á morgun en við ætlum að endurvinna okkur það traust.“

Um ótímabundin leyfi tveggja þingmanna Miðflokksins segir Þorsteinn að koma verði í ljós hvort og hvenær þeir snúi aftur. – **sa**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Þingmenn á Klaustri svara ekki

**Þing kom saman í fyrsta skipti í gær eftir að samtal sex þingmanna á Klaustri komst í fjölmiðla. Forseti braut blað í sögu þingsins og bað þjóðina afsökunar á hegðun þingmanna sinna. Fjórir þátttakendur í eineltinu á Klaustri voru mættir til þings.**



**Stemningin í sal Alþingis var þung þegar rætt var um málefni þingmannanna á Klaustur Bar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Sú orðræða sem hefur verið gerð að umtalsefni á undanförnum dögum var dapurleg, einkenndist af kvenfyrirlitningu og fordómum gagnvart ýmsum hópum, hvort sem er hinsegin fólki, fötluðu fólki eða öðrum hópum.**
>
> Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

**ALÞINGI** „Orðbragð sem þarna virðist sannanlega hafa verið viðhaft er óverjandi og óafsakanlegt. Ekki síst er það með öllu óverjandi og úr takti við nútímaleg viðhorf hvernig þarna var fjallað um konur og hlut kvenna í stjórnmálum og einnig fatlaða og hinsegin fólk,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon í yfirlýsingu sinni við upphaf þingfundar í gær.

Í fyrsta skipti í sögu lýðveldisins þurfti forseti Alþingis að biðja þjóðina afsökunar á háttalagi sex kjörinna þingmanna. Siðanefnd þingsins hefur verið virkjuð sem á að skoða hvort þingmenn hafi brotið siðareglur sínar.

Forseti tilkynnti jafnframt við upphaf þingfundar að bæði Bergþór Ólason og Gunnar Bragi Sveinsson gætu ekki „af persónulegum ástæðum“ sinnt þingmennsku sinni.

Anna Kolbrún Árnadóttir, þingkona Miðflokksins og einn gerenda í samtalinu á Klaustri, mætti á fund þingflokksformanna fyrir hádegi í gær til að ræða þá stöðu sem upp er komin í þinginu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fannst öllum gríðarlega óþægilegt að hafa Önnu Kolbrúnu inni á þeim fundi og ljóst hefði verið á svipbrigðum Önnu að henni hefði ekki liðið vel á fundinum.

Logi Einarsson, þingmaður Samfylkingarinnar, biðlaði til forsætisráðherra á þingi í gær að leiða þá vinnu að efla traust almennings á Alþingi. „[Í] dag tel ég nauðsynlegt að við byggjum brýr milli þeirra sem raunverulega vilja breyta menningunni, standa gegn mannfyrirlitningu, kvenfyrirlitningu og fordómum,“ sagði Logi.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra sagði alla þingmenn bera ábyrgð á að upphefja virðingu þingsins.

„Sú orðræða sem hefur verið gerð að umtalsefni á undanförnum dögum var dapurleg, einkenndist af kvenfyrirlitningu og fordómum gagnvart ýmsum hópum, hvort sem er hinsegin fólki, fötluðu fólki eða öðrum hópum. Slík orðræða er í senn óverjandi og óafsakanleg,“ sagði forsætisráðherra.

Enn eru að birtast á vefmiðlum ummæli úr drykkju sexmenningana. Til að mynda birtist seint í gærkvöld frétt þar sem Bergþór Ólason hafði uppi afar klámfengna orðræðu um Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra við undirtektir félaga sinna við borðið.

Fréttablaðið hefur ítrekað reynt að ná í þingmenn Miðflokksins sem sátu að sumbli á Klaustri þetta umrædda kvöld en ekki haft árangur sem erfiði. Hvorki símtölum né skilaboðum um að hafa samband er svarað.

**sveinn@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS
Fleirir myndir af Aþingi í gær eru á +Plús síðu Fréttablaðsins.
**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengileg á frettabladid.is.**




GAMAN AÐ GEFA
Þegar þú kaupir jólagjöf hjá okkur veitirðu jafnframt fé til náttúruverndar
www.thebodyshop.is
THE BODY SHOP®
KRINGLUNNI • SMÁRALIND • GLERÁRTORGI

# Blóðrásarsjúkdómar algengasta banamein Íslendinga

**HEILBRIGÐISMÁL** Æxli var banamein 29 prósenta þeirra Íslendinga, eða 6.031 einstaklinga, sem létust á tímabilinu 2008 til 2017. Banamein flestra mátti rekja til blóðrásarsjúkdóma, eða 7.065 einstaklinga (33,8 prósent ). Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Hagstofu Íslands. Þar kemur fram að 1.083 (9,5 prósent) hafi látist úr sjúkdómum í taugakerfinu á tímabilinu og 1.812 (8,7 prósent) úr sjúkdómum í öndunarfærum. Fæstir dóu vegna ytri orsaka eða 1.331 en það jafngildir 6 prósentum af heildarfjölda látinna.

Ytri orsakir eru algengasta banamein 34 ára og yngri eða 54 prósent. Í aldursflokknum 34 til 64 ára deyja flestir úr æxlum eða 46 prósent. Banamein þeirra sem voru á aldrinum 64 til 79 var oftast æxli, eða 43 prósent. Um fjórðung allra dánarmeina vegna æxla má rekja til illkynja æxlis í barka, berkjum og lungum. Aldursstöðluð dánartíðni vegna illkynja æxlis í þessum líffærum hefur lækkað hjá báðum kynjum. Þetta er öfugt við þróun í öðrum ríkjum Evrópu.

Á tímabilinu 1998 til 2017 jukust sjúkdómar í taugakerfi um 96 prósent og fóru úr 51 af hverjum 100.000 íbúum árið 1998 í tæp 100 árið 2018. Samkvæmt Hagstofunni skýrist hækkunin af 11 prósenta fjölgun látinna á aldrinum 85 ára og eldri en sjúkdómar í taugakerfum eins og Alzheimer og Parkinson eru líklegri til að herja á eldra fólk. **– khn**






**Vinningstillagan um Stjórnarráðsreitinn.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Verðlaun veitt í samkeppni um Stjórnarráðsreit

**SKIPULAGSMÁL** Úrslit í samkeppni um skipulag og viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið voru kynnt í gær.

Fyrstu verðlaun í samkeppni um skipulag á Stjórnarráðsreit hlutu T.ark Arkitektar og S(P)RINT Studio. Í teyminu voru Karl Kvaran, Ivon Stefán Cilia, Sahar Ghaderi og Sara Mortazavi. Dómnefnd segir heildarlausnina skýra og raunhæfa.

Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárason hjá KURTOGPÍ ásamt Garðari Snæbjörnssyni, Jóhönnu Høeg Sigurðardóttur og Ólafi Baldvin Jónssyni hlutu fyrstu verðlaun í samkeppni um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið.

Dómnefnd segir að tillagan einkennist af skilningi á þörfum starfseminnar. **– sar**

## Hekla innkallar 1.611 Mitsubishi

**NEYTENDUR** Hekla hefur innkallað 1.611 nýjar Mitsubishi-bifreiðar af árgerðunum 2017 og 2018. Ástæða innköllunarinnar er villa í hugbúnaði sem getur valdið því að hemlar bifreiðanna virki ekki sem skyldi.

Þetta kemur fram í frétt á vef Neytendastofu. Um er að ræða undirtegundirnar ASX, Eclipse, Outlander og Outlander PHEV. Viðgerð felst í hugbúnaðaruppfærslu hjá umboðinu sem tekur um tuttugu mínútur.

Bifreiðaeigendum verður tilkynnt bréflega um innköllunina. **– jóe**

# Forviða á hugmyndum um niðurskurð til Rannsóknasjóðs

**Forseti Vísindafélags Íslendinga er hissa á fyrirhuguðum niðurskurði á framlögum til Rannsóknasjóðs. Prófessor við læknadeild HÍ og stofnandi lyfjaþróunarfyrirtækis segir að án styrkja hefði ekkert orðið af fyrirtæki sínu.**

**RANNSÓKNIR** „Þetta er svolítill skellur en meirihluti fjárlaganefndar hyggst skera framlög til Rannsóknasjóðs niður um tæpar 150 milljónir. Við fréttum þetta bara í síðustu viku. Rannsóknasjóður er grunnvísindasjóður og í raun stoðin undir öll grunnvísindi á Íslandi. Hann er samt mjög lítill og það er hörð samkeppni um úthlutanir,“ segir Erna Magnúsdóttir, forseti Vísindafélags Íslendinga.

Í áliti meirihluta fjárlaganefndar við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið segir að draga eigi úr útgjaldavexti til vísinda og samkeppnissjóða í rannsóknum um tæpar 147 milljónir.

„Þetta skýtur svo skökku við en þarna verður um 17 prósenta niðurskurður á nýveitingum styrkja. Það eru um tíu verkefnastyrkir. Ég held að þingmenn séu ekki meðvitaðir um það hvað þetta er stór breyting og hefur mikil áhrif.“

Hún segir Vísindafélagið og þá vísindamenn sem hún hafi rætt við forviða. „Við hefðum frekar búist við að það yrði bætt við í sjóðina.“

Hafin er undirskriftasöfnun meðal vísindamanna til að mótmæla þessum áformum og þá hyggjast þeir mæta á þingpalla á morgun.



**Prófessor segir Ísland standa nágrannalöndum langt að baki í fjármögnun háskóla og vísindastarfs.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Fjárfesting í framtíðarþekkingu

Einar stofnaði lyfjaþróunarfyrirtækið Oculis ásamt Þorsteini Loftssyni prófessor. Nýlega kom inn í fyrirtækið fjárfesting upp á rúma tvo milljarða frá Novartis, stærsta lyfjafyrirtæki í heimi.

„Þetta verkefni byggðist upp innan Háskóla Íslands og Landspítalans og var byggt upp á styrkjum frá Rannís. Verkefnið er núna eftir tuttugu ár að skila töluvert miklu inn í þjóðarbúið. Við erum með tuttugu manns í vinnu en þetta hefði aldrei orðið án þess stuðnings sem fengist hefur frá Rannís í gegnum árin.“

Hann segir verkefnið einmitt dæmi um þessa litlu vísindalegu sprota sem verði að stórum fyrirtækjum og miklum auði fyrir samfélagið. „Þessir styrkir eru einfaldlega áburðurinn í þann grænmetisgarð. Við erum að fjárfesta í framtíðarþekkingu og nýsköpun. Það er auðvitað aldrei svo að allir sprotarnir verði að blómum en ef við berum ekki áburð á garðinn þá mun ekkert blóm koma upp.“

Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild Háskólans og yfirlæknir á augndeild Landspítala, tekur undir þetta og segir að verið sé að taka lítið skref til baka. „Þegar kemur að fjármögnun háskóla og rannsókna erum við langt frá þeim þjóðum sem við viljum miða okkur við.“

Hann bendir á að bandarísk stjórnvöld hafi gefið það út að 75 prósent hagvaxtar landsins frá lokum seinni heimsstyrjaldar komi í gegnum rannsóknir og þróun. „Bandaríkjamenn hafa verið fremstir en eiginlega allar aðrar þjóðir eru að reyna fara sömu leið og byggja sína framtíð á rannsóknum og nýsköpun.“ **sighvatur@frettabladid.is**



# GÓÐAR GJAFIR!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON




**Bieber og Botnrassa í Bretlandi**
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 4.999.-




**Eins og skot**
**TILBOÐSVERÐ: 7.299.-**
Verð áður: 9.999.-




**Ilmkjarnaolíur**
**TILBOÐSVERÐ: 3.899.-**
Verð áður: 4.999.-




**Fornar hafnir**
**TILBOÐSVERÐ: 9.999.-**
Verð áður: 14.999.-




**Þurrviðri**
**TILBOÐSVERÐ: 3.599.-**
Verð áður: 4.999.-




**Gríma**
**TILBOÐSVERÐ: 4.499.-**
Verð áður: 6.499.-




**Hjarta Íslands**
**TILBOÐSVERÐ: 8.999.-**
Verð áður: 12.999.-




**Ævintýri úr Þúsund og einni nótt**
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 4.199.-




**Draumurinn**
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 6. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Fær ekki að beita völdum sínum eftir dóm

**SRÍ LANKA** Mahinda Rajapaksa, sem varð forsætisráðherra Srí Lanka í lok október eftir úrsögn UPFA-flokksins úr stjórnarsamstarfinu, má ekki beita valdi sínu á neinn hátt. Að þessari niðurstöðu komst áfrýjunardómstóll í ríkinu í gær. Málið fór fyrir dómstólinn að ósk 122 þingmanna en þingið hefur nú í tvígang lýst yfir vantrausti á Rajapaksa. Dómarinn Preethipadhman Surasena hefur jafnframt gert Rajapaksa og ráðherrum hans að mæta fyrir dóm þann 12. desember næstkomandi.

Segja má að ákveðin stjórnarskrárkrísa hafi ríkt á Srí Lanka eftir að Maithripala Sirisena forseti setti Ranil Wickremesinghe, þá forsætisráðherra, af í lok október og skipaði títtnefndan Rajapaksa nýjan forsætisráðherra en sá hafði áður verið forseti ríkisins. Wickremesinghe vill meina að hann hafi ólöglega verið settur af enda óljóst hvort stjórnarskráin heimili að forseti reki hann. – þea



Erindreki SÞ með talsmanni Húta í aðdraganda viðræðna. NORDICPHOTOS/AFP

# Uppfylla skilyrði friðarviðræðna

**JEMEN** Hernaðarbandalagið sem Sádi-Arabar leiða í styrjöldinni gegn Hútum í Jemen samþykkti í gær að særðir hermenn Húta fengju að yfirgefa landið til þess að leita læknisaðstoðar. Þessi ákvörðun er lykilforsenda fyrir því að Hútar mæti til friðarviðræðna sem fram eiga að fara í Svíþjóð í gær. Alls fengu fimmtíu særðir Hútar að ferðast til Óman í flugvél Sameinuðu þjóðanna.

Viðræðurnar, sem miða að því að binda enda á þessa fjögurra ára löngu og afar blóðugu styrjöld, gætu hafist á miðvikudag samkvæmt heimildum Reuters. Hútar hafa einnig sett það skilyrði fyrir friðarviðræðunum að bandalagið fái ekki að fara um borð í flugvélina sem flytur erindreka Húta til Svíþjóðar. Sammælst hefur verið um að Kúveit útvegi vél.

Stjórnvöld í Íran, sem styðja Húta og eru sögð smygla vopnum til þeirra, sögðust í gær styðja friðarviðræðurnar. Þau vildu koma á friði á svæðinu. – þea

# Macron er í töluverðu klandri

**Fjöldamótmæli síðustu þriggja helga bæta gráu ofan á svart hjá Frakklandsforseta. Mótmælin snúast í auknum mæli um hann sjálfan. 69 prósent Frakka lýsa sig andvíg forseta sínum og stjórnarandstæðingar segja Macron ekki skilja reiði þjóðarinnar.**



Mótmælandi stillir sér upp við brennandi bíl í París um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

**FRAKKLAND** Emmanuel Macron, forseti Frakklands, reynir nú ákaft að finna leið til þess að vinda ofan af ofbeldisfullum fjöldamótmælum sem spruttu upp þann sautjánda nóvember síðastliðinn vegna óánægju með hækkun dísilskatts. Helgin sem leið var sú ófriðlegasta frá upphafi mótmæla. Samkvæmt AP særðust 130 á meðan mótmælin stóðu yfir, 412 voru handtekin og kveikt var í tugum bifreiða á götum Parísar.

Mótmælendur, sem klæðast gulum endurskinsvestum, hafa þó áhyggjur af fleiru nú en í upphafi. Til viðbótar við dísilskattinn eru þeir á móti efnahagsbreytingum sem forsetinn vill ráðast í og er það leiðarstef mótmælanna að breytingarnar hygli hinum ríku. Macron vill ráðast í umræddar breytingar meðal annars vegna lítils hagvaxtar og þess að atvinnuleysi virðist fast í tæpum tíu prósentum. Þar af leiðandi vill hann til að mynda lækka eignarskatta og skatta á fyrirtæki og lofar kaupmáttaraukningu.

Macron skipaði Edouart Philippe forsætisráðherra að funda með stjórnarandstöðuleiðtogum um málið og það gerði ráðherrann í gær. Laurent Wauquiez, leiðtogi Repúblikana, sagði að ríkisstjórnin virtist einfaldlega ekki skilja reiði þjóðarinnar. „Það er þörf á aðgerðum sem miða að sátt og það er hægt að gera með því að ráðast í þá einföldu aðgerð sem Frakkar bíða eftir, að hætta við hækkun dísilskattsins."

Olivier Faure, leiðtogi Sósíalista, tók í sama streng. „Við viljum breyta aðferðafræði. Og sú breyting þarf að koma ofan af Ólympustindi," sagði Faure og vitnaði þar til viðurnefnisins Júpíter, sem var helsti guð Rómverja, sem haft er um Macron vegna meintrar tilhneigingar hans til að vilja stjórna sem mestu einn síns liðs.

En það vill Macron ekki gera, líkt og hann endurtók á laugardaginn. Aðgerðin er liður í baráttu Frakka gegn loftslagsbreytingum en Macron hefur reynt að koma fram sem leiðtogi á því sviði, meðal annars með andstöðu gegn Bandaríkjaforseta.

Philippe hefur einnig verið gert að ræða við leiðtoga mótmælenda sjálfra. Sá fundur á að fara fram síðdegis í dag. thorgnyr@frettabladid.is

## Þverrandi vinsældir



**Emmanuel Macron** mælist enn afar óvinsæll á meðal Frakka og þetta mál bætir stöðuna trúlega ekkert. Í könnun Viavoice frá því 30. nóvember sögðust 69 prósent andvíg stjórnarháttum Macrons en einungis 23 prósent sögðust hrifin. Það er vissulega hærra en lægstu lægðir fyrirrennarans Francois Hollande mældust en Macron hefur enn um þrjú og hálft ár til að tapa enn meiri vinsældum.

Nokkuð góð greining á stöðu Macrons birtist í skoðanagrein frönsku blaðakonunnar Marion Van Renterghem í Guardian í lok nóvember. Þar sagði hún að með sínum Júpíterstöktum, til að mynda því að gera lítið úr erfiðleikum margra við atvinnuleit, væri Macron óafvitandi að mála sig upp sem forseta hinna ríku og þannig gera popúlistum eins og Marine Le Pen, sem laut í lægra haldi fyrir Macron í fyrra, mikinn greiða. Enda er andstaða við einhverja „elítu" leiðarstef í orðræðu popúlista.

Foreign Policy tók í annan streng. Í umfjöllun miðilsins frá laugardegi sagði að ef Macron legði sig fram um að vera mannlegri við að koma stefnumálum sínum í gegn myndu Frakkar snúast aftur á sveif með honum. Hann væri að ráðast í þarfar aðgerðir.

# Katar segir sig úr samtökum olíuframleiðsluríkja

**KATAR** Stjórnvöld í Katar tilkynntu í gær um að þau hygðust segja sig úr OPEC, samtökum olíuframleiðsluríkja, í janúar næstkomandi. Katar verður þannig fyrsta miðausturlenska ríkið til þess að hætta í OPEC frá því samtökin voru stofnuð árið 1960.

Saad Sherida al-Kaabi, orkumálaráðherra Katars, sagði í yfirlýsingu í gær að ríkið ætlaði að auka útflutning á jarðgasi úr 77 milljónum tonna á ári í 110 milljón tonn og að þrátt fyrir úrsögnina myndi ríkið sömuleiðis auka útflutning á olíu. „Í ljósi þessara áforma og vegna vilja okkar til að tryggja stöðu Katars sem áreiðanlegs og traustverðs útflytjanda orku höfum við þurft að stíga ákveðin skref og endurskoða hlutverk okkar á vettvangi alþjóðlegra orkuviðskipta," sagði í yfirlýsingunni aukinheldur.



Saad Sherida al-Kaabi.

Samkvæmt AP-fréttaveitunni hefur Katar verið ellefti stærsti framleiðandi OPEC og nemur samdrátturinn í heildarframleiðslu vegna brotthvarfs ríkisins ekki nema um tveimur prósentum. Í viðtali við sama miðil sagði orkumálagreinandinn Anas Alhajji að ákvörðunin hefði lítil áhrif á markaðinn. Kostnaður OPEC-aðildar fyrir Katar hafi verið meiri en ágóðinn og því væri ákvörðunin skiljanleg.

Sömuleiðis má setja ákvörðunina í samhengi við illdeilurnar við önnur ríki á svæðinu. Síðasta sumar ákváðu stjórnvöld í Egyptalandi, Barein, Sádi-Arabíu og Sameinuðu arabísku furstadæmunum að skera á stjórnmálasamband við Katar vegna meints stuðnings við hryðjuverkasamtök og nálægðarinnar við Íran. – þea



FJÖRUVERÐLAUNIN

# HÚRRA FYRIR HÖFUNDUNUM!

**Við óskum höfundum Forlagsins til hamingju með tilnefningarnar til Fjöruverðlaunanna 2018**




Íslandssagan frá öndvegissúlum til Internetsins í sprenghlægilegri útgáfu Sifjar Sigmarsdóttur, með skopmyndum Halldórs Baldurssonar.




Ný bráðskemmtileg bók eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur um fjörkálfinn Fíusól en bækurnar um hana hafa þrívegis hlotið Bókaverðlaun barnanna.




Afar athyglisverð umfjöllun um hugsjónir og hagsmuni í heimi fjölmiðla á Íslandi eftir Auði Jónsdóttur, Báru Huld Beck og Steinunni Stefánsdóttur.




Persónulegt og fróðlegt ferðalag Guðrúnar Nordal um sögu Íslands og bókmenntir frá landnámi til okkar daga.

★★★★½
Björn Bjarnason / Morgunblaðið

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–18 | Laugardaga 11–16 | **www.forlagid.is**





# Drungalegur dagur í sal Alþingis í gær

Það er óhætt að segja að brúnin hafi ekki verið létt á alþingismönnum og ráðherrum í þingsal í gær þegar Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, baðst afsökunar á framferði þingmannanna sem sátu að sumbli á Klaustri Bar.







Siðanefnd Alþingis hefur verið virkjuð í fyrsta sinn og skoðar hún málefni þingmanna sem sátu að drykkju á Klaustri.





# Fjárfesting til framtíðar



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Fyrirhugaður niðurskurður á fjárframlögum til Rannsóknasjóðs Rannís, sem Fréttablaðið greinir frá í dag, er köld kveðja til þeirra vísindamanna sem starfa hér á landi. Í raun eru áherslur ríkisstjórnarinnar, sem birtast bæði í frumvarpi til fjárlaga og í fyrirhuguðum lagabreytingum sem heimila gjaldtöku vísindasiðanefndar, í hrópandi ósamræmi við þann mikla árangur sem náðst hefur í grunnrannsóknum og vísindum almennt hér á landi undanfarin ár og áratugi.

Ósamræmi þetta felst í þeirri staðreynd að í alþjóðlegum samanburði stendur íslenskt vísindasamfélag framarlega á mörgum af þeim sviðum sem mestu máli skipta fyrir framtíð okkar sem fullvalda og blómstrandi þjóðar, og sem tegundar. Þau grunnvísindi sem stunduð eru hér hafa ótvírætt gildi og hafa oft á tíðum beina skírskotun til krefjandi úrlausnarefna sem við munum þurfa að takast á við.

Opinbert fjármagn gegnir lykilhlutverki í öllum vísindarannsóknum. Slíkar rannsóknir krefjast þolinmæði og skilnings á því að framfarir eiga sér stað hægt en ávallt með ávinningi. Fjármagn sem sett er í rannsóknir og þróun skilar sér margfalt til baka í formi þekkingar, sem ekki verður metin til fjár.

Þannig geta grunnrannsóknir haft svo víðtæk áhrif að þær móta samfélagið til frambúðar, þó svo að það hafi ekki verið tilgangur þeirra eða ætlun vísindamannanna. Nægir að nefna frumeindaklukkuna sem leiddi til GPS-tækninnar, kjarnasegulherma sem leiddu til þróunar segulómtækja og hinnar illskiljanlegu skammtafræði sem nú myndar grunn rafeinda- og tölvutækni. Nýlegt dæmi er Zika-veiran sem tiltölulega nýlega braust fram á sjónarsviðið með skelfilegum afleiðingum. Hins vegar höfðu grunnrannsóknir fyrri ára þau áhrif að vísindamönnum tókst að þróa vísi að vænlegu bóluefni.

Ávinningur af frumkvöðlastarfsemi í vísindum getur líka verið af öðrum toga, því um leið og þau hafa bein áhrif á velferð og daglegt líf fólks þá geta djörf og skapandi vísindi stuðlað að enn frekari áhuga almennings á sjálfum vísindunum, svo lengi sem þeir vísindamenn sem þau stunda gangast við þeirri ábyrgð sem notkun almannafjár fylgir og eru reiðubúnir og viljugir til að miðla af reynslu sinni og dýrmætri þekkingu.

Þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á fjárframlögum í Rannsóknasjóð og þeim er varða gjaldtöku munu vafalaust hafa hamlandi áhrif á íslenskt vísindastarf. Slíkt á ekki að viðgangast á tímum þar sem þörfin fyrir framsækin vísindi er sem mest. Ávinningurinn af öflugri fjármögnun grunnrannsókna er slíkur að við höfum ekki efni á að draga úr henni. Ávinningur þessi er ekki aðeins fólginn framförum í vísindum og tækni, heldur í þeirri ákvörðun að færa vísindin ofar í forgangsröðina; að gera þau að grunnstefi samfélagsins.

**Þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á fjárframlögum í Rannsóknasjóð og þeim er varða gjaldtöku munu vafalaust hafa hamlandi áhrif á íslenskt vísindastarf.**

## Halldór







## Frá degi til dags

**Einleikur á stól**

**Ekki einu sinni börn nenna lengur að standa í stólaleik. Aðeins stjórnmálafólk nennir því rugli. Nokkur þingsæti leika nú á reiðiskjálfi í kjölfar alræmdar samdrykkju sex þingmanna. Leikurinn væri óbærilega leiðinlegur ef sjónhverfingamanni Miðflokksins hefði ekki tekist að uppfæra hann með því að láta stól leika eftir selnum Snorra með ísbjörninn Voða, vopnaðan upptökutæki, í eftirdragi. Nú þegar tekist hefur að fá stól til þess að herma eftir sel bíðum við spennt eftir hvaða dýrahljóð formaður Miðflokksins býður upp á næst. Hýenu? Minks? Sauðkindar?**

**Sá sem ekki lifir í krimmum ...**

**Þegar þingmennirnir vöknuðu þunnir, ómeðvitaðir um að bömmerinn kæmi síðar, vakti athygli að bókin Kaupthinking, eftir Þórð Snæ Júlíusson, hefði selst meira en sjálfur Arnaldur Indriðason. Ekki mun þó mjög kaldan hroll hafa sett að glæpakónginum og drottningunni Yrsu Sigurðardóttur. Markhópur þeirra er nefnilega mun fjölmennari en álitsgjafar, almannatenglar, persónur, leikendur og ættingjar þeirra sem væntanlega ruku upp til handa og fóta og keyptu Kaupþingsreyfarann strax. Skáldaðir glæpir endast mun lengur og hafa meira aðdráttarafl en rúmlega tíu ára loftfimleikar pappírstígrisdýra.**

**thorarinn@frettabladid.is**

# „Réttlæti“ samkvæmt VG



Bolli Héðinsson
hagfræðingur

Fyrir réttu ári sagði formaður Vinstri grænna í ræðu á Alþingi að það væru aðilar í samfélaginu sem gætu ekki beðið eftir réttlæti. Þjóðin hélt að hér væri átt við okkar allra minnstu bræður sem hefðu úr litlu að spila vegna örorku eða elli. Nú hefur komið á daginn að það var tómur misskilningur, þetta voru útgerðarmenn sem átt var við. Það voru útgerðarmenn sem gátu ekki beðið eftir „réttlætinu“ sem VG hefur nú í tvígang reynt að framfylgja. Fyrst voru þau gerð afturreka í vor en nú skal „réttlætinu“ fullnægt.

Sama er uppi á teningnum með formann atvinnuveganefndar Alþingis, þingmann VG. Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur etja þingmanninum á foraðið fyrir lækkun veiðileyfagjalda en halda sig sjálfir til hlés. Þessi þingmaður hélt fram nánast öllu hinu gagnstæða um veiðileyfagjöld í þingræðu fyrir fáeinum árum þegar staða sjávarútvegs var svipuð og hún er nú. Þá taldi þingmaðurinn að útgerðin væri aflögufær, þessi sami þingmaður og nú berst um á hæla og hnakka að fá gjöldin lækkuð.

**Byggðastefnu hafnað**

Fyrir okkur, dauðlegt fólk, er óskiljanlegt hvernig að því er virðist dagfarsprúðir einstaklingar verða sem umskiptingar við það að komast í valdastólana. Ótvíræðar yfirlýsingar þeirra sjálfra frá fyrri tíma virðast ekki skipta þetta fólk neinu máli þegar hagsmunir útgerðarinnar eru annars vegar.

Við umræður á Alþingi kom fram tillaga um að örlitlum hluta kvótans yrði úthlutað þannig að andvirði hans gæti gengið til byggða sem ættu í vök að verjast. Þessa tillögu gat VG ekki sætt sig við þrátt fyrir sambærilegar tillögur í stefnuskrá þeirra en sem kunnugt er höfnuðu þeir að framfylgja eigin stefnumálum þegar þeim stóð það til boða í ríkisstjórninni með Samfylkingunni.

En hvers vegna er alltaf verið að agnúast út í VG en ekki hina flokkana? Ástæðan er einföld. Fyrir kosningar er VG úlfur í sauðargæru en bæði Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur eru einfaldlega úlfar í úlfagærum og hafa aldrei dulið auðsveipni sína gagnvart útgerðinni í landinu.

**Ótvíræðar yfirlýsingar þeirra sjálfra frá fyrri tíma virðast ekki skipta þetta fólk neinu máli þegar hagsmunir útgerðarinnar eru annars vegar.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Fræðsla um eldvarnir skilar árangri




**Hermann Sigurðsson**
framkvæmdastjóri Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

**Garðar H. Guðjónsson**
verkefnastjóri Eldvarnaátaksins og Eldvarnabandalagsins

Eldvarnaátak Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna fer fram um allt land um þessar mundir eins og mörg undanfarin ár. Slökkviliðsmenn heimsækja þá börnin í 3. bekk grunnskólanna og fræða þau um eldvarnir. Börnin fá með sér heim handbók Eldvarnabandalagsins um eldvarnir heimilisins og söguna af Brennu-Vargi og Loga og Glóð. Þeim gefst jafnframt kostur á að taka þátt í Eldvarnagetrauninni en heppnir þátttakendur í henni fá jafnan afhent vegleg verðlaun á 112-deginum, 11. febrúar.

**Auknar eldvarnir**

Landssambandið hefur um langt árabil lagt áherslu á forvarnastarf og hefur haldið Eldvarnaátakinu úti með dyggum stuðningi fjölmargra aðila í rúma tvo áratugi. Það er því gleðilegt að geta greint frá því að samkvæmt rannsóknum sem Gallup hefur gert fyrir landssambandið og Eldvarnabandalagið skilar fræðsla af þessu tagi greinilegum árangri. Gallup hefur kannað ástand eldvarna á heimilum landsmanna á tveggja ára fresti undanfarin tíu ár og þróunin er ótvíræð; heimilin auka eldvarnir sínar jafnt og þétt. Æ færri hafa engan eða bara einn reykskynjara en að sama skapi fjölgar þeim til muna sem hafa þrjá eða fleiri.

Mun algengara er nú en fyrir tíu árum að slökkvitæki og eldvarnateppi séu á heimilum. Í könnun sem gerð var nú í haust kom fram að helmingur heimila er með allt í senn reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnateppi en það er einmitt það sem okkar menn mæla með. Við höfum verk að vinna en þessar niðurstöður hvetja okkur sannarlega til dáða.

**Sýnum aðgát á aðventunni**

Fræðsla um eldvarnir á alltaf við en þó aldrei eins og nú í byrjun aðventu. Um leið og við hvetjum fólk til að hafa nauðsynlegan eldvarnabúnað á heimilinu leggjum við ekki síður áherslu á mikilvægi þess að fara varlega í daglegri umgengni á heimilinu.

**Um leið og við hvetjum fólk til að hafa nauðsynlegan eldvarnabúnað á heimilinu leggjum við ekki síður áherslu á mikilvægi þess að fara varlega í daglegri umgengni á heimilinu.**

Á næstu vikum ríður sérstaklega á að fara varlega með opinn eld, kertaljós og því um líkt. Og munið að slaka ekki á klónni þótt jólahátíðinni ljúki og nýtt ár gangi í garð því reynslan sýnir að eldsvoðar á heimilum eru ekki síður algengir á fyrstu vikum ársins en á aðventu og um jól.

Gleðilega hátíð!

# Sendiherra til sölu



**Kristófer Alex Guðmundsson**
forseti Uppreisnar, ungliðahreyfingar Viðreisnar

**Uppreisn, ungliðahreyfing Viðreisnar hvetur stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis til þess að fara ofan í saumana á skipun sendiherra síðustu ár. Embætti sendiherra eru of mikilvæg fyrir utanríkisþjónustu þjóðarinnar til þess að vera keypt og seld í bakherbergjum.**

Opinber embætti ættu að vera skipuð hæfasta aðila hverju sinni. Þegar um er að ræða embætti sendiherra Íslands til erlendra ríkja er fýsilegt að viðkomandi hafi reynslu af stjórnmálum og alþjóðasamskiptum. Fyrrverandi þingmenn og ráðherrar búa þannig yfir ákveðinni hæfni sem gæti reynst vel í slíkum embættum. Aftur á móti ætti utanríkisráðherra aldrei að skipa aðila í embætti í þeim skilningi að hann sjálfur yrði launaður seinna með eigin sendiherratign.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Miðflokksins og fyrrverandi utanríkisráðherra í ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, skipaði Geir H. Haarde sendiherra Íslands í Bandaríkjunum árið 2014. Geir H. Haarde var formaður Sjálfstæðisflokksins líkt og mörgum er kunnugt um. Nýverið birtist upptaka af Gunnari Braga þar sem hann segir: „Ég átti fund með Bjarna [Benediktssyni] í fjármálaráðuneytinu. Ég sagði við Bjarna: „Það er algjörlega sjálfsagt. Auðvitað geri ég Geir að sendiherra.“ Og ég sagði við hann: „Og mér finnst sanngjarnt að þið horfið til svipaðra hluta þegar ég þarf á því að halda.““

Gunnar Bragi virðir traust kjósenda að vettugi. Þingmaðurinn tók umboðið sem þjóðin veitti honum og nýtti sér það til þess að tryggja sjálfum sér eftirsótta og hálaunaða vinnu að loknum stjórnmálaferli sínum. Slík spilling á ekki að viðgangast hérlendis. Vinnubrögðin draga í efa allar þær ákvarðanir sem þingmaðurinn tók sem utanríkisráðherra og raunverulegu ástæðurnar á bak við þær. Gunnar Bragi hefur rýrt traust almennings á stjórnmálum og ætti að biðjast afsökunar og segja af sér hið snarasta.

Fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins var skipaður sendiherra og Gunnar Bragi viðurkennir að hann hafi farið á fund núverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, Bjarna Benediktssonar, og gert grein fyrir því að honum þætti „sanngjarnt“ að horft væri til svipaðra hluta þegar hann þyrfti á því að halda. Hverju svaraði formaður Sjálfstæðisflokksins? Harðneitaði hann að spila með heiðarleika íslenskra stjórnvalda og ef svo, hvers vegna skipaði Gunnar Bragi Geir sendiherra hvort sem er? Eða leist formanni Sjálfstæðisflokksins vel á fyrirkomulagið? Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðherra, tók undir orð Gunnars Braga og sagði að Bjarni Benediktsson hefði „fallist á það að ef þetta gengi eftir, þá ætti Gunnar inni hjá Sjálfstæðismönnum“.

Uppreisn, ungliðahreyfing Viðreisnar hvetur stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis til þess að fara ofan í saumana á skipun sendiherra síðustu ár. Embætti sendiherra eru of mikilvæg fyrir utanríkisþjónustu þjóðarinnar til þess að vera keypt og seld í bakherbergjum.

# Notendasamráð í orði og á borði



**Kolbrún Baldursdóttir**
sálfræðingur og borgarfulltrúi

Notendasamráð er hugtak sem við heyrum oft um þessar mundir bæði hjá notendum þjónustu en ekki síður hjá stjórnvöldum. Notendasamráð er skilgreint sem aðferð þar sem notandi kemur að mótun eigin þjónustu í samráði við þjónustuaðila. Notendasamráð styrkir vald og þátttöku notenda. Það hefur vakið áhuga háskólanema sem hafa rannsakað það m.a. í lokaverkefnum og haldnir hafa verið opnir fundir um þetta efni. Breytingar hafa verið gerðar á lögum um félagsþjónustu sem fela í sér auknar skyldur fyrir Reykjavíkurborg um samráð við notendur um framkvæmd þjónustu fyrir fatlað fólk. Einnig er notendasamráð ávarpað í starfsáætlunum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar.

Að hafa samráð við notendur um þá þjónustu sem þeim er ætlað er bæði sjálfsagt og eðlilegt. Notendasamráð á rætur sínar að rekja til aukinnar áherslu á félagslegt réttlæti. Það eru mannréttindi að fá að vera þátttakandi í eigin lífi og taka sjálfur þátt í ákvörðunum sem varða eigin hag, líðan og almennar félagslegar aðstæður. Engu að síður er notendasamráð tiltölulega nýtt í umræðunni og ekki síst í framkvæmd.

En hversu víðtækt er notendasamráð hjá öðrum hópum í samfélagi okkar? Til þess að notendasamráð tvinnist inn í menningu og samfélag þarf hugmyndafræðin að vera greipt í námsefni fagaðila og verða hluti af fagþekkingu og reynslu. Öðruvísi mun ekki takast að innleiða hugmyndafræði notendasamráðs með markvissum hætti.

Í borgarstjórn hefur verið lögð fram tillaga um að Reykjavíkurborg ákveði að hafa notendasamráð í öllum verkefnum og ákvörðunum sem varða hag og hagsmuni einstakra hópa og almennings eftir því sem við á og tækifæri er til. Notendur einir geta upplýst um það hvort notendasamráð sé viðhaft og virkt alls staðar þar sem verið er að ákveða og þróa þjónustu. Þess vegna er mikilvægt að gerðar verði reglulegar skoðanakannanir meðal notenda þjónustunnar og þeir inntir eftir hvort þeir telji notendasamráð fullnægjandi.

Grunnur notendasamráðs er að stjórnvöld hlusti á hvað notendur eru að segja þegar verið er að skipuleggja eða þróa þjónustu. Vinna á með fólki en ekki með fólk. Það er notandinn sem á að kenna fagaðilum og stjórnvöldum hvernig þarfir hans og væntingar verði best uppfylltar. Notandinn er eini sérfræðingurinn í sínu eigin lífi. Mikilvægt er að notandinn sé með frá byrjun, ekki bara á seinni stigum. Flokkur fólksins hvetur til þess að við öll sameinumst í þeirri ákvörðun að hafa notendasamráð ekki einungis í orði heldur einnig á borði.

**Aðalfundur**
**Íþrótta- og heilsufræðifélags Íslands**
verður haldinn í Austra (sal KÍ), Laufásvegi 81,
miðvikudaginn 12. desember kukkan 17:00.
**Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf.**
*Fyrir hönd stjórnar ÍHFÍ,*
*Guðrún V. Ásgeirsdóttir, formaður*



## Allt í járnum þegar deildarkeppnin er hálfnuð



Valsmenn komust upp að hlið Hauka og Selfyssinga á toppi Olís-deildar karla þegar þeir unnu nauman sigur á Haukum í Origo-höllinni í gær. Þegar deildarkeppnin er hálfnuð skilur aðeins eitt stig að nágrannaliðin FH og Hauka sem eru í fjórða og fyrsta sæti deildarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Luka Modric tókst að skáka Ronaldo og Messi í Frakklandi

**Króatíski miðjumaðurinn Luka Modric sem leikur með Real Madrid varð í gær sá fyrsti frá Króatíu sem vinnur Ballon d'Or-verðlaunin. Á sama tíma hlaut norski framherji Lyon, Ada Hegerberg verðlaunin fyrst allra kvenna og Kylian Mbappé, franski framherji PSG var valinn besti leikmaður Evrópu undir 21 ára aldri.**

**FÓTBOLTI** Luka Modric varð í gær fyrsti króatíski leikmaðurinn til að verða útnefndur besti leikmaður heims af tímaritinu France Football á hinni árlegu Ballon d'Or-verðlaunahátíð á sama tíma og Ada Hegerberg varð fyrsta konan til að hljóta verðlaunin í kvennaflokki og Kylian Mbappé varð fyrstur til að hljóta Kopa-verðlaunin. Um er að ræða ein virtustu verðlaun knattspyrnuheimsins sem hafa verið veitt á verðlaunahátíð á ári hverju frá 1956 en ákveðið var að bæta við tveimur verðlaunaflokkum í ár. Modric átti magnaða mánuði fyrri hluta ársins þegar hann var lykilleikmaður í liði Real Madrid sem varð fyrsta liðið til að vinna Meistaradeild Evrópu þrjú ár í röð. Stuttu síðar var hann í lykilhlutverki hjá króatíska landsliðinu sem sló út íslenska landsliðið á leið sinni í fyrsta úrslitaleik sinn á stórmóti sem sjálfstæð þjóð. Króatar þurftu að horfa á eftir gullverðlaununum til Frakklands í sumar en Modric var valinn besti leikmaður mótsins og stuttu síðar besti leikmaður ársins af FIFA.

Modric hefur áður komið til greina hjá Ballon d'Or og var í 5. sæti í kjörinu í fyrra en varð hlutskarpastur í ár. Gerði hann með því einum betur en landi hans Davor Suker sem var í öðru sæti í kosningunni árið 1998 eftir að Króatía vann brons á HM.



**Sigurvegararnir þrír, Ada Hegerberg, Luka Modric og Kylian Mbappe, sátt með verðlaunagripina í höfuðborg Frakklands í gær.** NORDICPHOTOS/EPA

Með því lýkur tíu ára einokun Cristianos Ronaldo og Lionels Messi á þessari verðlaunahátíð. Varð Modric sá fyrsti sem hefur betur gegn Ronaldo og Messi síðan Brasilíumaðurinn Kaká vann verðlaunin árið 2007. Ronaldo var í öðru sæti í kosningunni en Messi í því fimmta og þurfa þeir því að bíða í eitt ár hið minnsta eftir sjötta gullboltanum.

Norska landsliðskonan Ada Hegerberg vann verðlaunin fyrst allra kvenna eftir frábært ár með franska stórliðinu Lyon. Hafði hún betur en Pernille Harder, liðsfélagi Söru Bjarkar Gunnarsdóttur sem var skammt undan í öðru sæti.

Hegerberg fór fyrir franska liðinu Lyon sem vann tólfta meistaratitilinn í röð í Frakklandi ásamt því að vinna Meistaradeild Evrópu þriðja árið í röð. Sjálf skoraði Hegerberg fimmtán mörk í átta leikjum í Meistaradeildinni, þar af eitt í úrslitaleiknum ásamt því að skora 28 mörk í sautján leikjum í deildinni.

**» Brasilíski leikmaðurinn Kaká var síðasti leikmaðurinn sem hlaut gullboltann annar en Cristiano Ronaldo og Lionel Messi er hann lék með AC Milan árið 2007.**

Að lokum var ungstirnið Kylian Mbappé valinn besti leikmaðurinn undir 21 árs aldri og hlaut að verðlaunum Kopa-bikarinn. Fyrrverandi Ballon d'Or-hafar kusu Mbappé bestan að þessu sinni eftir magnað ár þar sem hann var í lykilhlutverki hjá PSG og franska landsliðinu sem varð heimsmeistari í sumar.

**kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**ÍBV - Fram 29-28**

**ÍBV:** Sigurbergur Sveinsson 13, Kristján Örn Kristjánsson 5, Kári Kristján Kristjánsson 4, Fannar Þór Friðgeirsson 3, Theodór Sigurbjörnsson 2.

**Fram:** Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 11, Þorgeir Bjarki Davíðsson 5, Þorgrímur Smári Ólafsson 2, Arnar Snær Magnússon 2, Bjarki Lárusson 2, Andri Þór Helgason 2.

**Valur - Haukar 26-24**

**Valur:** Agnar Smári Jónsson 7, Róbert Aron Hostert 6, Anton Rúnarsson 5, Magnús Óli Magnússon 2, Vignir Stefánsson 2, Ryuto Inage 2, Ásgeir Snær Vignisson 1.

**Haukar:** Brynjólfur Snær Brynjólfsson 6, Orri Freyr Þorkelsson 6, Heimir Óli Heimisson 5, Daníel Þór Ingason 3, Adam Haukur Baumruk 2, Tjörvi Þorgeirsson 1.

| Neðri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 16 | ÍR | 9 |
| Selfoss | 16 | KA | 8 |
| Valur | 16 | ÍBV | 8 |
| FH | 15 | Fram | 7 |
| Afturelding | 13 | Grótta | 6 |
| Stjarnan | 12 | Akureyri | 6 |

**Domino's-deild kvenna**

**Skallagr. - Keflavík 83-89**

**Skallagrímur:** Shequila Joseph 25/21 frákast, Maja Michalska 20, Bryesha Blair 15, Ines Kerin 11, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 9, Árnína Lena Rúnarsdóttir 3.

**Keflavík:** Brittanny Dinkins 38/10 stoðsendingar, Bryndís Guðmundsdóttir 15, Katla Rún Garðarsdóttir 10, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 8, Embla Kristínardóttir 7.

| Neðri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Keflavík | 16 | Valur | 8 |
| KR | 16 | Skallagr. | 6 |
| Snæfell | 16 | Haukar | 6 |
| Stjarnan | 10 | Breiðablik | 2 |

## Sparky fékk sparkið í gær

**FÓTBOLTI** Mark Hughes var í gær rekinn frá Southampton eftir tæpa átta mánuði í starfi. Southampton var aðeins búið að vinna fjóra leiki af síðustu 22 í deildinni og í fallsæti.

Hughes tók við liðinu í mars síðastliðnum af Mauricio Pellegrino og tókst honum með naumindum að bjarga liðinu frá falli. Slakt gengi liðsins undir stjórn Hughes hélt áfram

Glutraði Southampton niður tveggja marka forskoti um helgina og þurfti að sætta sig við enn eitt jafnteflið. Dýrlingarnir eru búnir að fá sautján stig af 66 í 22 leikjum undir stjórn Hughes.

Enskir fjölmiðlar fullyrtu í gær að Ralph Hasenhüttl, Þjóðverjinn sem stýrði áður RB Leipzig, sé efstur á blaði á suðurströnd Englands. Verður hann fimmti stjóri liðsins á síðustu fimm árum. **– kpt**

## EM 2021 haldið í Englandi

**FÓTBOLTI** Það varð ljóst í dag að England heldur Evrópumót kvenna í knattspyrnu sumarið 2021 í annað sinn. Fer úrslitaleikurinn fram á þjóðarleikvangi Englendinga, Wembley.

Þrettán ár eru síðan Evrópumótið í knattspyrnu í kvennaflokki fór fram á Englandi þar sem Þýskaland vann 3-1 sigur á Noregi í úrslitaleiknum. Ísland hefur komist í lokakeppni Evrópumótsins undanfarin þrjú skipti en dregið verður í undankeppnina í febrúar næstkomandi. **– kpt**

# Vetrarvörur




Hleðslutæki og vaktarar fyrir allar gerðir rafgeyma.




Yuasa rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða, snjósleða og fjórhjól.



Gates drifreimar fyrir Snjósleða og fjórhjól.



Rúðusköfur.
Ýmsar gerðir.



Startkapalar.
Margar gerðir.




Sérblandaður rúðuvökvi 5 l.




THULE® SWEDEN

## Bretta- og skíðafestingar

LIQUI MOLY

## Efnavörur fyrir bíla

**Stilling**

*Allt fyrir bílinn*

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



✝

Okkar ástkæri

**Árni Jóhannesson**

Kópavogsbraut 83,

lést þann 28. nóvember
á Landspítalanum í Fossvogi.
Útförin verður frá Lindakirkju í Kópavogi
föstudaginn 7. desember klukkan 15.00.

**Fósturbörn, afabörn, langafabörn
og systkini hins látna.**



✝

Okkar ástkæri sonur,
bróðir, mágur og frændi,

**Þórður Albert
Guðmundsson**

yfirflugvirki,

sem lést á Landspítalanum þann
24. nóvember verður jarðsunginn frá
Dómkirkjunni miðvikudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Þórdís Þórðardóttir**
**Guðmundur Jón Albertsson** **Áslaug Traustadóttir**
**Ragnhildur Sigurðardóttir** **Hermann Jónsson**
**Guðrún Helga Magnúsdóttir** **Steinar Þór Þorfinnsson**
**og systrabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Geirlaug Guðmundsdóttir**

Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
22. nóvember. Útför fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn
6. desember klukkan 13.
Sérstakar þakkir til allra vina og vandamanna fyrir einstaka
hjálp í gegnum árin sem og til starfsfólks Hrafnistu fyrir
góða umönnun.

**Helgi Vigfússon** **Elín Anna Hreinsdóttir**
**Hildur Vigfúsdóttir** **Jani Pitkäjärvi**
**og barnabörn.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA ÚTFR REYKJAVÍKUR

Ísleifur Jónsson Útfararstjóri Farsími 821 5353
Steinunn Magnúsdóttir Útfararþjónusta Farsími 861 3441

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Hver er vilji þinn varðandi skipulag og fyrirkomulag
útfarar, þ.e. hinsti vilji. Við bjóðum þér til samtals um
það sem er þér mikilvægast við lífslok þín. Viljayfirlýsing
þín verður eftirlifendum mikilvægt leiðarljós. Samtalið
og varðveisla upplýsinga er þér að kostnaðarlausu.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

ÞETTA GERÐIST: 4. DESEMBER 1971

## Skemmtistaðurinn Glaumbær brann

Milljónatjón varð í bruna aðfaranótt þessa dags árið 1971 þegar eldur kviknaði í skemmtistaðnum Glaumbæ við Fríkirkjuveg 7 í Reykjavík.

Eldsins varð vart klukkan rúmlega fjögur og var allt slökkvilið borgarinnar kvatt á vettvang með tæki sín. Nær 60 slökkviliðsmenn börðust við eldinn sem var á efstu hæð hússins. Þar brann allt innan stokks og neðri hæðirnar tvær skemmdust líka mikið af vatni og reyk.

Upphaflega hét Glaumbær Íshúsið Herðubreið, það var byggt árið 1916 til ístöku úr Tjörninni.

Síðar var Framsóknarflokkurinn með skrifstofur og fundarsali í húsinu og þá voru haldnir þar dansleikir reglulega. Sigurbjörn Eiríksson veitingamaður sá um rekstur hússins síðustu árin áður en það skemmdist í eldinum og þá voru unglingadansleikir haldnir þar reglulega með mörgum helstu hljómsveitum bítlatímabilsins. Meðal þess sem brann hina örlagaríku nótt voru hljóðfæri hljómsveitarinnar Náttúru sem voru geymd þar vegna sýninga á Hárinu.



**Slökkviliðsmenn berjast við eldinn í Glaumbæ.**



✝

Elskuleg eiginkona mín,
móðir okkar, tengdamóðir mín,
dóttir okkar, systir, mágkona,
tengdadóttir og mágkona,

**Guðfinna Björk
Kristjánsdóttir**

Ásbúð 2, Garðabæ,

lést á líknardeild Landspítalans 27. nóvember síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn
7. desember kl. 13.

**Sigurjón Örn Sigurjónsson**
**Kristján Andri Gunnarsson**
**Stefán Gunnarsson** **Eva Lára Einarsdóttir**
**Kristján Sigfússon** **Guðfinna Inga Guðmundsdóttir**
**Sveinborg Lára Kristjánsdóttir** **Lárus Ársælsson**
**Sigfús Kristjánsson** **Arndís Friðriksdóttir**
**Sigurjón Arnlaugsson** **Sjöfn Hjálmarsdóttir**
**Ingibjörg Sigurjónsdóttir**



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gissur Þorvaldsson**

forstjóri,
Kópalind 2,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn
22. nóvember. Jarðsungið verður frá
Seljakirkju miðvikudaginn 5. desember kl. 13.00.

**Hrefna Guðbjörg Ásmundsdóttir**
**Ragnheiður J. Gissurardóttir**
**Hulda Kristín Vatnsdal**
**Ásgerður S. Gissurardóttir** **Axel Geirsson**
**Þorvaldur H. Gissurarson** **Elsa Grímsdóttir**
**Hörn Gissurardóttir** **Dufþakur Pálsson**
**Gunnlaug Gissurardóttir** **Magnús Rögnvaldsson**
**og fjölskyldur.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Guðmundur E. Jónmundsson**

Sunnuhlíð, Kópavogi,
áður til heimilis að
Norðurvangi 4, Hafnarfirði,

lést 28. nóvember. Útförin fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn
7. desember klukkan 13.00. Blóm og kransar vinsamlega
afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast
hans er bent á minningasjóð Sunnuhlíðar,
kt. 681295-3569 nr. 0536-26-700.

**Jónmundur G. Guðmundsson** **Lilja Björk Stefánsdóttir**
**Björk Ragnarsdóttir** **Jón Páll Haraldsson**
**Arnþór Ragnarsson** **Bryndís Ragnarsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamamma,
amma og langamma,

**Lára Jóna Ólafsdóttir**

dvalarheimilinu Jaðri, Ólafsvík,

lést á Landspítalanum þriðjudaginn
27. nóvember. Útför hennar fer fram
frá Ólafsvíkurkirkju, laugardaginn
8. desember kl. 13.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en
þeim sem vilja minnast hennar er bent á
minningarsjóð dvalarheimilisins Jaðars ,
reikningsnr. 0190-05-60761 kt. 510694-2449.

**Björn Erlingur Jónasson** **Kristín G. Vigfúsdóttir**
**Hreinn Jónasson** **Ingunn J. Gunnarsdóttir**
**Ágústa Jónasdóttir** **Stefán Hjaltason**
**Magnús Jónasson** **Sædís Einarsdóttir**
**Laufey Jónasdóttir** **Reynir V. Georgsson**
**Jónas Jónasson** **Kristín Kristófersdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**



✝

Elskulegur stjúpfaðir, faðir,
tengdafaðir og afi,

**Hafliði Kristbjörnsson**

Birnustöðum 1,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands
fimmtudaginn 29. nóvember.
Útförin fer fram frá Skálholtskirkju
föstudaginn 7. desember klukkan 14.

**Helga Guðlaugsdóttir**
**Steingrímur K. Reynisson**
**Kristbjörn Hafliðason**
**Guðmundur Hafliðason** **Elisabeth Pontoppidan**
**Valgerður Hafliðadóttir**
**Ólafur Hafliðason** **Jóna Þórunn Ragnarsdóttir**
**Steinn Hafliðason** **Jóna Bríet Guðjónsdóttir**
**Finnur Hafliðason** **Tinna Ósk Björnsdóttir**
**Friðjón Elli Hafliðason** **Jónheiður Ísleifsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Karl Magnús Karlsson**

Heiðarhvammi 8, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja,
þriðjudaginn 27. nóvember. Útförin fer
fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn
7. desember kl. 13.

**Magnea Inga Magnúsdóttir** **Þorsteinn Magnússon**
**Karl Magnússon** **Kaja Ósk Skarphéðinsdóttir**
**Kristjana Magnúsdóttir** **Elías Sigvarðsson**
**Magnús Sverrir, Þorsteinn, Jenný,**
**Kristjana Björg, Aníta Rún,**
**Guðríður Elísabet, Magnús Ægir, Björgvin Bjarni,**
**Elías Snær, Alfreð Jenni,**
**og barnabarnabörn.**

Fólk
Heilsa
ÞRIÐJUDAGUR 4. DESEMBER 2018



Þórdís hleypur maraþon og lætur sykursýkina ekki stöðva sig. Hún segir að þvert á móti sé betra fyrir heilsuna að stunda reglulega hreyfingu. MYND/STEFÁN

# Lífið breyttist

Þórdís Stella Þorsteins var á unglingsaldri þegar hún greindist með sykursýki. Hún segir reglulega hreyfingu halda blóðsykrinum í jafnvægi og hljóp maraþon í Berlín til styrktar rannsóknum á sjúkdómnum. 2

Jólamatur
til að taka með
Steikarveisla - 2.990 kr. á mann
Hangikjötsveisla - 3.490 kr. á mann
+ jólaforréttir



Pantanir í síma
517 3131 eða 696 5900
SJÁVARBARINN
SEAFOOD RESTAURANT
Sjávarbarinn – Grandagarði 9 – sjavarbarinn.is

BLUE DIAMOND
RAKAKREM OG
DEMANTS KORNAMASKI




Fæst í apótekum og www.heilsanheim.is

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Ég var þrettán ára þegar ég fékk sykursýki af týpu 1. Faðir minn og bróðir hans eru með sykursýki svo þessi sjúkdómur hefur alltaf verið nálægt mér. Samt kom það okkur fjölskyldunni á óvart að ég skyldi fá sykursýki," segir Þórdís Stella Þorsteins en hún er 27 ára stærðfræðingur, búsett í London.

Á þessum tíma þjáðist hún af óslökkvandi þorsta, sem er eitt algengasta einkenni sykursýki. „Ég var farin að skammta mér vatn en gat samt ekki svalað þorstanum. Ég var oft með melónutyggjó og var viss um að það væri ástæðan fyrir því að ég var alltaf þyrst en þegar ég fór með vinkonum mínum í sumarbústað í Skorradal og varð að stoppa þrisvar á leiðinni til að fara á salerni var ljóst að eitthvað óeðlilegt var á seyði. Ég hafði líka grennst mikið á stuttum tíma og var orðin grá og guggin," rifjar Þórdís upp og bætir við að dæmigerð einkenni fyrir sykursýki séu þorsti, þreyta, þyngdartap og kraftleysi.

„Foreldrar mínir mældu í mér blóðsykurinn og þá kom í ljós að hann var allt of hár, eða 25 mmol/l en eðlilegur blóðsykur er 4-7 mmol/l. Læknirinn minn taldi að ég hefði verið með sykursýki í þrjá mánuði áður en það uppgötvaðist," segir hún.

Þórdís segir að vissulega hafi sykursýkin breytt lífi sínu og hún þarf að gæta þess vel að halda blóðsykrinum í jafnvægi. „Ég þurfti að læra að lifa með sykursýki og þar sem ég er mikill grúskari kynnti ég mér sjúkdóminn vel strax sem unglingur. Foreldrar mínir fylgdust vissulega vel með mér en ég var dugleg að sjá um það sjálf að mæla blóðsykurinn nokkrum sinnum á dag og sprauta mig með insúlíni fyrir máltíðir. Ég veit um dæmi þar sem foreldrar vakna á nóttunni til að mæla blóðsykurinn í börnum sínum," segir Þórdís sem hefur nokkrum sinnum á ævinni farið of lágt niður í blóðsykri og upplifað svima og óþægindi af þeim völdum.

„Sú tilfinning er mjög furðuleg og alls ekki þægileg. Í eitt sinn var ég að tala við fólk en ég gat ekki svarað því. Það er eins og maður hafi ekki fulla stjórn á líkamanum. Ég fann að ég var að verða of lág í sykri og varð að fá djúsglas. Í annað sinn vaknaði ég mjög ringluð og illa áttuð. Mig hafði dreymt að ég væri kúreki og þegar ég vaknaði var ég viss um að ég væri kúreki. Það var eins og ég væri föst í því hlutverki en ég lagaðist við að fá djús sem hækkar strax blóðsykurinn," upplýsir Þórdís og segir að þetta hafi verið skondið eftir á en ekki meðan á þessu stóð.

Margt hefur áhrif á sykurinn í blóðinu. „Í hita brennir maður t.d. meira og þarf því minna insúlín en ella. Í kulda er líkaminn ekki jafnnæmur fyrir insúlíni. Streita hefur líka áhrif á blóðsykurinn, sem og hreyfing en það fer líka eftir því um hvernig hreyfingu er að ræða," upplýsir Þórdís,

## Lagði dansskónum og tók fram hlaupaskóna

Þórdís hefur búið í London um nokkurt skeið. Hún lauk mastersnámi í stærðfræði og vinnur við sitt fag þar í borg. Hún stundar hlaup og hefur tekið þátt í tveimur maraþonum. „Ég var lengi vel í dansi og útskrifaðist frá Listdansskólanum þegar ég var tvítug. Ég ákvað að leggja dansskóna á hilluna og fara í nám í stærðfræði en var svo full af orku að ég fór að stunda hlaup. Í byrjun var ég í hlaupahópi heima á Íslandi en mamma ákvað með tveggja ára fyrirvara að taka þátt í New York-maraþoninu þegar hún yrði fimmtug og plataði mig, systur sína og frænda okkar til að koma með sér. Við stofnuðum því eigin hlaupahóp og hlupum saman maraþon í New York árið 2015. Það átti að vera eina maraþonið en þegar því lauk langaði okkur öll í annað maraþon," segir Þórdís og bætir við að það sé einstaklega gaman að hreyfa sig utandyra. „Á ferðalögum er frábært að fara út að hlaupa því maður kynnist umhverfinu á nýjan hátt."



Þórdís segir að fyrir 100 árum hafi lífslíkur sykursjúkra aðeins verið tvö ár. MYND/STEFÁN

## Vil sýna gott fordæmi

Ólíkt því sem margir halda þá hefur hreyfing góð áhrif á sykursýki, að sögn Þórdísar. „Margir telja að maður geti ekki stundað íþróttir ef maður er með sykursýki en það er eiginlega þveröfugt. Maður þarf bara að vera skynsamur eins og allir aðrir og taka sér tíma ef ætlunin er að bæta við æfingum því það tekur tíma að aðlaga insúlínskammtana að þeim. Yfirhöfuð hjálpar regluleg hreyfing til við að halda blóðsykrinum í jafnvægi. Ég hef alltaf hreyft mig mikið og hjólað, hlaupið og dansað því mér líður svo miklu betur þegar ég hreyfi mig reglulega. Einnig langar mig að setja gott fordæmi og sýna að sykursýkin þarf alls ekki að stoppa fólk. Fyrir 100 árum voru lífslíkur fólks sem greinist með sykursýki innan við tvö ár en vegna þeirrar framþróunar sem hefur orðið í læknavísindum og umönnun er ekkert því til fyrirstöðu að sykursjúkir geti hlaupið maraþon, ef skynsemin er höfð að leiðarljósi," segir hún.



Þórdís náði að safna töluvert hærri upphæð fyrir JDRF en hún stefndi að.



Alsæl með góðan árangur. Þórdís ætlar að hlaupa til styrktar rannsóknum á sykursýki annað hvert ár.

## Fylgist með nýjum rannsóknum

Þórdís fylgist vel með nýjum rannsóknum á sykursýki og þá sérstaklega starfi samtaka sem heita JDRF. „Ég hef mikla trú á þessum samtökum því þau styrkja rannsóknir sem skipta verulegu máli. Þau studdu t.d. rannsóknir á nýrri insúlíndælu sem er komin í gagnið og hefur reynst mörgum vel. Megnið af tekjum þeirra kemur í gegnum fólk sem hleypur eða hjólar til styrktar samtökunum. Mig langaði til að leggja þeim lið og skráði mig í Berlínarmaraþonið í september sl. Ég náði að safna hærri upphæð en ég stefndi að og þykir rosalega vænt um hversu mikinn stuðning ég fékk. Stefnan er að hlaupa maraþon annað hvert ár til styrktar JDRF. Þegar ég greindist með sykursýki hélt ég að það yrði búið að finna lækningu við henni áður en ég yrði þrítug. Núna eru þrjú ár í það. Á tímabili fannst mér lítið hafa gerst í þessum efnum en síðustu tvö árin hefur orðið mikil framför. Ein mesta framþróunin sem hefur orðið um árabil er flaga sem mælir blóðsykurinn á mínútu fresti. Flagan er límd við mann en það er nál í henni sem situr undir húðinni en það þarf að skipta um flögu á tveggja vikna fresti. Flagan sendir upplýsingar í dælu sem skammtar insúlín í samræmi við mælingarnar. Blóðsykurinn helst í góðu jafnvægi með þessari aðferð. Ég er mjög bjartsýn á að enn frekari framfarir verði á næstu árum," segir Þórdís glaðlega að lokum.

Nánar má lesa um samtökin JDRF Á www.jdrf.org.




Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir, solveig@frettabladid.is s. 512 5351 | Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Brynhildur Björnsdóttir, brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Kristín Þorsteinsdóttir | Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,


LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
um jólin
FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM
FRÁBÆR JÓLATILBOÐ
Komdu í heimsókn
Dunlopillo
NATURA
Öll sæti og bak stillanlegt
RICCARDO rafstillanlegur tungusófi
BRUNSTAD
Brunstad hvíldarstóll
Öll sæti stillanleg
ISABELLA hægindasófi. Sjá nánar á lur.is
Stillanleg rúm
Svefnsófar í miklu úrvali og mörgum litum. Nokkrar stærðir í boði.
CALIA ITALIA
CALIA ITALIA
JACOB stóll frá Calia Italia
SITTING VISION hvíldarstólar
Öll sæti stillanleg
ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is
Stillanlegur höfuðpúði
GRACE hægindastóll
ORACOL tungusófi
CALIA ITALIA
BUGATTI®
RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR
VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN
SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16
554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is
LÚR
BETRI HVÍLD

# Ráð til að tryggja að börn njóti jóla og áramóta

**Samtökin FRÆ – Fræðsla og forvarnir eru á bak við forvarnarverkefni sem snýst um að minna fólk á að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi yfir hátíðarnar og hlífa þeim við skaðlegum áhrifum áfengisneyslu.**


Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is




Mörgum finnst það tilheyra jólahátíðinni að neyta áfengis, en áfengisneysla getur haft neikvæð áhrif á börn, jafnvel þótt hún sé í hófi. Það er mikilvægt að tryggja börnum jákvæðar minningar af hátíðahöldunum í kringum jól og áramót og því standa forvarnarsamtökin FRÆ – Fræðsla og forvarnir fyrir verkefninu „Allsgáð: Sýnum ábyrgð og árvekni um jól og áramót“, þar sem tekin eru saman nokkur góð ráð til að hjálpa fólki að setja börnin í forgang og vera allsgáð um jólin. Ráðin er að finna á vefsíðunni allsgad.is.

„Hlutverk FRÆ er að koma á framfæri upplýsingum um forvarnir sem vitað er að hafa skilað árangri,“ segir Árni Einarsson, framkvæmdastjóri FRÆ. „Við þurfum að safna og vinna úr upplýsingum sem finnast hér innanlands og í rannsóknum sem unnar eru víða um heim og koma þeim til skila til samfélagsins.

Við komum efninu til skila með ýmsum hætti. Við stöndum fyrir ýmsum fræðslunámskeiðum og fyrirlestrum og gefum út tímarit einu sinni á ári sem heitir Áhrif, þar sem komið er inn á ýmsa þætti sem snúa að forvarnarmálum,“ segir Árni. „Við tökum líka þátt í ýmiss konar samstarfi með forvarnarhópum og erum með nokkur forvarnarverkefni í gangi.

Fólk sem hefur alist upp við áfengisvandamál heima fyrir í æsku á oft sárar og slæmar minningar um jólahátíðahöld þar sem áfengisneysla hefur farið úr böndunum,“ segir Árni. „En jólin eru ekki síst hátíð barnanna og þetta á að vera ánægjuleg upplifun fyrir þau. Okkur fannst því ástæða til að vekja athygli á því að börn hugsa og skilja hlutina öðruvísi en fullorðnir.

Við settum því saman fimm góð ráð fyrir uppalendur með það að markmiði að tryggja börnum jákvæðar minningar og upplifun af jólahaldi og áramótagleði,“ segir Árni. „Við viljum minna fólk á þá ábyrgð sem það ber gagnvart börnunum og hvað það er jákvætt að búa til frábærar minningar fyrir börnin og leyfa þeim að njóta jólahátíðarinnar í botn. Við þurfum að gera allt til að tryggja það.“

## Gleðileg jól og áramót allsgáð

„Í fyrsta ráðinu er bent á að jólin og ekki síst undirbúningur þeirra er streituvaldur sem veldur mörgum fullorðnum kvíða. Þá grípa margir til áfengis til að slaka á,“ segir Árni. „En við viljum minna fólk á að missa ekki sjónar á tilefni hátíðarhaldanna og að setja börnin í forgang til að tryggja þeim góðar minningar frá hátíðahöldunum.“

## Virðum rétt barna til vímulauss uppeldis

„Með þessu ráði viljum við minna á formlegar skyldur okkar, sem koma til dæmis fram í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Okkur ber að tryggja að hagsmunir barna séu ávallt í öndvegi. Þar er meðal annars talað um rétt barna til að þroskast við bestu mögulegu aðstæður og það felur meðal annars í sér að börn eigi að njóta verndar gegn skaðlegum áhrifum áfengis,“ segir Árni. „Samfélagið verður að leyfa börnum að njóta vafans í þessum málum.“



Árni Einarsson, framkvæmdastjóri samtakanna FRÆ – Fræðslu og forvarna, segir að forvarnarverkefnið snúist um að hjálpa fólki að tryggja börnum jákvæðar minningar af hátíðarhöldunum í kringum jól og áramót. MYND/STEFÁN

> **Við viljum minna fólk á þá ábyrgð sem það ber gagnvart börnunum og hvað það er jákvætt að búa til frábærar minningar fyrir börnin og leyfa þeim að njóta jólahátíðarinnar í botn.**
>
> Árni Einarsson

## Börn líta áfengisneyslu öðrum augum en fullorðnir

„Það hefur komið mjög skýrt fram í rannsóknum að eitthvað sem fullorðnum finnst vera léttur gleðskapur veldur börnum oft vanlíðan,“ segir Árni. „Þau sjá að fólk breytist, en börn þurfa mikla festu og eru íhaldssöm. Það getur skapað óöryggi hjá barni ef það finnur breytingu á foreldrum sínum, jafnvel þó ekki sé um mikla drykkju að ræða. Við fullorðna fólkið megum ekki gleyma þessu og valda börnum kvíða að óþörfu.“

## Veitum óáfengt um jólin

„Þetta ráð tengist öðru verkefni sem við erum með, óáfengt.is, þar sem er hægt að fá alls konar einfaldar uppskriftir að sparilegum og bragðgóðum óáfengum drykkjum. Við fengum uppskriftirnar frá íslenskum kokkum og barþjónum og af netinu og bætum uppskriftum á síðuna fyrir hver jól,“ segir Árni. „Þegar fólk er að halda hátíð og vill veita vel þarf að tryggja að það séu óáfengir valkostir í boði sem eru ekki ómerkilegri en þeir áfengu, þannig að þeir sem drekka ekki af einhverjum ástæðum upplifi sig ekki sem annars flokks gesti.“

## Sýnum ábyrgð og öryggi í umgengni við flugelda

„Um hver áramót verða flugeldaslys og við viljum benda fólki á að áfengisneysla skerðir dómgreindina, þó maður finni ekki alltaf fyrir því. Það getur verið hættulegt þegar kemur að flugeldum,“ segir Árni. „Þegar rétt er staðið að notkun flugelda er það hættulítið, en það þarf lítið til til að eitthvað fari úrskeiðis þegar dómgreindin er skert.“

## Gott að horfa á það jákvæða við áfengisleysi

„Mörgum þykir erfitt að halda sig frá áfengi á jólatímanum, þar sem það er oft stór hluti af hátíðahöldunum. En ég bendi þeim sem vilja ekki drekka, hvort sem það er um lengri eða skemmri tíma, á að horfa á það jákvæða og muna hvað vinnst með því að drekka ekki,“ segir Árni. „Þeir sem hafa ákveðið að hætta áfengisneyslu þurfa að muna eftir markmiðunum sem þeir hafa sett sér og einblína á þau jákvæðu áhrif sem það hefur á lífið að drekka ekki, í stað þess að hugsa bara um að forðast neikvæð áhrif drykkjunnar.“


BÓKAJÓL

Veglegt sérblað Fréttablaðsins
um jólabækurnar í ár kemur út 11. desember nk.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss
í langmest lesna dagblaði landsins.



**Nánari upplýsingar um blaðið veitir**
Jón Ívar Vilhelmsson markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Sími 512 5429 / jonivar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 4. DESEMBER 2018




FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fimur sem köttur

Ford Focus er kominn af fjórðu kynslóð, er einfaldlega með allra bestu akstursbílum, fríðari en áður og fæst með frábærum vélarkostum. Auk þess kemur Focus hlaðinn staðalbúnaði. →10



## Ítölsk hraðamyndavél gómaði 58.568 á tveimur vikum

Það er ekki að spyrja að árangrinum við að sekta vegfarendur þegar hraðamyndavélum er komið fyrir á stöðum þar sem lítill hraði er leyfður en aðstæður bjóða upp á annað.

Í ítalska bænum Acquetico í norðvesturhluta landsins náði hraðamyndavél 58.568 á „ólöglegum“ hraða á aðeins tveimur vikum. Það þýðir að vélin náði að mynda 4.183 ökumenn á dag. Í Acquetico eru aðeins 120 íbúar, en þar sem SS28 hraðbrautin liggur svo til gegnum bæinn er umferðin gegnum hann gríðarleg.

Bæjarstjórinn fékk þá snilldarhugmynd að setja upp til reynslu hraðamyndavél í bænum vegna þess að íbúar kvörtuðu yfir mikilli og hraðri umferð.

Sá sem ók hraðast fram hjá myndavélinni góðu mældist á 135 km hraða en hámarkshraðinn er 50 km/klst. Talsvert margir ökumenn mældust á meira en tvöföldum hámarkshraða.

Ekki liggur ljóst fyrir hverju sektir þessara 58.568 ökumanna nema samtals en þó má ætla að þetta litla þorp gæti orðið óhemju efnað ef ökufantarnir fá ríflegar sektir. Ekki þarf nema meðalsekt upp á 20.000 kr. til að þessar tvær vikur skili þorpinu tæpum 1,2 milljörðum króna. Það samsvarar um 10 milljónum króna á mann í þessu litla bæjarfélagi.



Gary Duncan fyrir framan hluta af gríðarstóru bifreiðasafni sínu.

## Á safn 700 japanskra bíla

Bandaríkjamaðurinn Gary Duncan er enginn venjulegur bílasafnari en hann á safn sem telur eina 700 japanska smávaxna bíla sem framleiddir voru á sínum tíma aðeins fyrir Japansmarkað og falla undir skilgreininguna „kei cars“. Safnið inniheldur meðal annars 115 Nissan Figaro-bíla, hvað svo sem einn maður hefur að gera við 115 bíla sömu gerðar.

Duncan sá fyrst Nissan Figaro-bíl á Tokyo Motor Show árið 1980 og lét þau orð falla þá að hann bókstaflega yrði að eignast einn þannig bíl. Það tókst honum og gott betur. Í safni hans eru líka 25 Suzuki Carry, léttbyggðir sendibílar, og 15 Honda Beats-bílar. Duncan segir að þetta sé það sem gerist þegar maður verður 65 ára, en að hans sögn hefði það verið miklu ódýrara að fá sér hjákonu.

### Bílasali en líka safnari

Gary Duncan á fyrirtæki sem selur mörg bílamerki og hann er af annarri kynslóð bílasala. Bílarnir sem Duncan selur eru af merkjunum Ford, Lincoln, Audi, Honda, Mazda, Suzuki og Acura. Þrátt fyrir að rekstur fyrirtækis hans gangi út á að selja bíla þá hefur hann eiginlega sérhæft sig í innflutningi á gömlum erlendum bílum, fyrir bæði sig og aðra. Hann segir þá marga hverja ekki dýra og 5.000 dollarar sé ekki óalgengt verð.

Þegar Duncan hóf að safna eldri bílum voru þeir helst af breskri Triumph- og MG-gerð, en í seinni tíð snerist söfnunin upp í að safna litlum japönskum „kei car“-bílum.

# Elsta Bjallan endurgerð

**Við endurgerðina kom í ljós merking sem sýndi að þessi bíll er númer 20 í röðinni af fyrstu Bjöllunum sem framleiddar voru, en þær urðu 21 milljón.**

Elsta eintakið sem vitað er um af Bjöllunni fornfrægu hefur verið gert upp og lítur nú út fyrir að vera alveg eins og nýtt. Þessi bjalla var framleidd árið 1941, er svokallaður KdF-wagen Type 60 og var í fyrstu í eigu tónlistarstjórans Paul Linke sem bjó í Berlín. Bílinn keypti hins vegar maður að nafni Ondrej Brom árið 1988 á 60.000 tékkneska koruna af vini bróður síns og var bíllinn þá í hörmulegu ástandi.

Ondrej Brom hafði reyndar átt fjórar Bjöllur áður, en gerði sér ekki grein fyrir hve verðmætan bíl hann var nú með í höndunum, en það kom seinna í ljós að þessi bíll er sá tuttugasti í röðinni af heildarframleiðslu Bjöllunnar, sem á endanum taldi 21 milljón bíla.

### Númer 20 af 21 milljón

Þessi bíll er því elsta Bjalla sem vitað er um og eftir því verðmætur. Það kom nefnilega í ljós merking sem sýndi ljóslega að bíllinn er númer 20 í röðinni af fyrstu Bjöllunum sem framleiddar voru.

Ondrej Brom hóf að gera upp Bjölluna gömlu heima hjá sér fljótlega eftir að hann eignaðist hana en það var svo ekki fyrr en árið 2012 að pólskur sérfræðingur í að gera upp fornbíla hjálpaði honum að færa bílinn upprunalegt horf.

Það stendur ekki til hjá Ondrej Brom að selja þennan bíl, en víst er að vænn skildingur fengist fyrir þessa elstu Bjöllu heims.




Ein elsta bjalla sem framleidd var og sú elsta af slíkum bílum sem enn eru á róli.

# Nýr Porsche 911: kraftmeiri, hraðskreiðari og stafrænni

**Nýjasta kynslóð af sex strokka mótornum með forþjöppu er enn háþróaðari og kraftmeiri en áður hefur þekkst.**

Áttunda kynslóð Porsche 911 var nýverið frumsýnd á L.A. Auto Show. Hann fetar sem fyrr sinn einstaka línudans og setur enn á ný ný viðmið varðandi fágaðan sportleika. Auðþekkjanlegt Porsche-erfðaefnið í hönnun leynir sér ekki, útlitið orðið enn kraftalegra en áður, og innréttingin skartar 10,9 tommu snertiskjá.

Hinn nýi 911 er í senn tímalaus, klassískur og nútímalegur. Skynvæddar stillingar og undirvagnsstýring ásamt nýskapandi akstursstillingum sameina þá stórkostlegu aksturseiginlega sem hinn klassíski sportbíll er dáður fyrir, með kröfum hins stafræna nútíma veruleika. Nýjasta kynslóð af sex strokka mótornum með forþjöppu er enn háþróaðri og kraftmeiri en áður hefur þekkst. Carrera S-týpan er til dæmis heil 450 hestöfl.

### Ný akstursaðstoðar- og hjálparkerfi

Hagkvæmni hefur einnig verið aukin með nýrri hönnun á innspýtingarkerfi og staðsetningu



Áttunda kynslóð Porsche 911 var kynnt á LA Auto Show fyrir stuttu.

**» Hagkvæmni hefur einnig verið aukin með nýrri hönnun á innspýtingarkerfi og staðsetningu forþjappa og millikæla.**

forþjappa og millikæla. Öllum þessum hestöflum er svo komið áfram í götuna með nýrri hönnun hins átta gíra tvíkúplungsgírkassa (PDK). Einnig má nefna ný akstursaðstoðar- og hjálparkerfi, til dæmis „Porsche Wet mode“ eða blautham til að auka enn öryggi í akstri á blautu undirlagi og „Night Vision Assist“ eða nætursýn með infrarauðri hitamyndavél.

Að lokum má nefna þrjár nýjar stafrænar lausnir: „Porsche Road Trip“-app fyrir frábæra bíltúra, „Porsche 360+“ og reiknivélina „Porsche Impact emissions calculator“ sem gerir kleift að kolefnajafna fótspor sín með netvafranum.




HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

## Í fullkomnu flæði

Toyota C-HR er fínslípaður demantur sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturseiginleikar ásamt háþróuðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætin í fullkomnu flæði. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið.

- **2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR**
- **Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is**

**Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

5 3+2 ÁBYRGÐ · 2 ÁRA ÞJÓNUSTA · FLEX

**Toyota Kauptúni** Kauptúni 6
**Toyota Akureyri** Baldursnesi 1
**Toyota Reykjanesbæ** Njarðarbraut 19
**Toyota Selfossi** Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# Benz AMG GLC 63 á nú jeppametið á Nürburgring

Framleiðendur öflugra jeppa hafa undanfarin misseri keppst við að bæta metið á Nürburgring-akstursbrautinni þýsku. Nú undanfarið hefur Alfa Romeo Stelvio Quadrifiglio átt þetta met á tímanum 7 mínútur og 51,7 sekúnda. Fyrir skömmu náði hins vegar Mercedes Benz AMG GLC 63 jeppi tímanum 7:49,4 og sló þar með Alfa Romeo-jeppanum við og bætti metið um rúmar tvær sekúndur. Þess má geta að meðalhraði Benz-jeppans var um 160 km/klst. á þessari ríflega 20 km löngu braut.

Báðir þessir jeppar hafa úr ríflega 500 hestöflum að spila, Alfa Romeo-jeppinn með 505 hesta og Benzinn með 503. Vélar bílanna eru þó mjög ólíkar, en Alfa Romeo bíllinn er með 2,9 lítra V6-vél með tveimur forþjöppum, en Benz jeppinn með 4,0 lítra V8-vél og reyndar einnig tveimur forþjöppum. Hins vegar er tog Benz vélarinnar talsvert meira, eða 700 Nm samborið við 600 Nm.

Það ætti ekki að vera ýkja erfitt fyrir nokkra mjög svo öfluga jeppa að gera ennþá betur en Benz-jeppinn, t.d. ætti Lamborghini Urus með sín 650 hestöfl að slá við þessum tíma, sem og Cayenne Turbo S E-Hybrid sem skartar enn fleiri hestöflum, eða 680. Ekki er þó víst að framleiðendur þessara jeppa hafi áhuga á að bæta þetta met. Tíminn einn leiðir það í ljós.



Mercedes AMG GLC 63 á fleygiferð á Nürburgring-brautinni.



Mahindra Roxor er enn smíðaður í formi gamla Willis.

# Mahindra smíðar Willisinn áfram

Indverski bílaframleiðandinn Mahindra & Mahindra heldur sannarlega uppi merkjum hins goðsagnakennda Willis-jeppa því fyrirtækið smíðar einfalda gerð hans sem væri ólögleg framleiðsla í flestum ríkjum hins vestræna heims vegna öryggiskrafna og mengunar, en ekki á Indlandi. Bílinn kalla þeir hjá Mahindra Roxor. Mahindra fékk framleiðsluleyfi á smíði Willis-jeppa árið 1947 og hefur smíðað bílinn allt frá þeim tíma en núverandi gerð hans er þó með nokkrum jákvæðum breytingum frá frumgerðinni fyrir 71 ári. Mahindra hefur fengið endurnýjun á smíði bílsins frá Willis (Jeep sem er í eigu Fiat Chrysler) allar götur frá fyrsta samningnum.

Í Willis-bílnum frá Mahindra, eða Roxor, er svo til enginn búnaður sem telst til öryggisbúnaðar og þær breytingar sem Mahindra hefur gert á bílnum hafa flestar lotið að því að gera hann hæfari til torfæruaksturs. Bíllinn myndi heldur ekki standast kröfur um mengun í flestum löndum en um það er ekki spurt. Bíllinn er mjög einfaldur að gerð og þess gætt að einfaldleiki hans geri eigendum hans kleift að gera við hann sjálfir. Þetta er því sannarlega bíll sem telst til leiktækis. Roxor-jeppinn er með annað grill en hinn hefðbundni Willis svo honum sé nú ekki ruglað saman við Willis frá Jeep, en annað í yfirbyggingu hans lítur eins út.

### Er aðeins 62 hestöfl

Í Roxor er 2,5 lítra dísilvél með forþjöppu sem skilar 62 hestöflum til allra hjólanna og bíllinn er að sjálfsögðu með lágt drif til að auka torfærugetuna. Bíllinn er aðeins 1.378 kíló svo þetta litla afl skilar sér samt ágætlega. Undir lægsta punkt bílsins er 23 sentimetrar og eldsneytistankur hans tekur 45 lítra. Bíllinn getur hallast um 44% áður en hann veltur og þeir hjá Mahindra segja að hann hafi lægri þyngdarpunkt en upphaflegi bíllinn frá Jeep. Roxor getur dregið aftanívagn allt að 1.585 kg þungan. Fimm gíra beinskipting er í bílnum og hægt er að aka honum á tvíhjóladrifi til að minnka eyðsluna. Meiningin hjá Mahindra er að bjóða brátt í bílinn sjálfskiptingu. Hjólin undir bílnum eru 235/70R16 dekk. Roxor má fá í 4 mismunandi litum og „sérdeilis dýr“ LE Package-útfærsla hans kostar um 2,3 milljónir á Indlandi.

# Bílþjófnaðir ná nýjum hæðum í Bretlandi

Eftir 5 ára stöðuga fækkun bílþjófnaða varð gríðarleg fjölgun í fyrra og hún heldur áfram þetta árið líka.

Mikil aukning var á þjófnaði á bílum í Bretlandi á síðasta ári og sú þróun heldur áfram á þessu ári. Það sem helst er talið orsaka þessa þróun er sífellt þróaðri tækniþekking bílþjófanna og fækkun lögreglumanna í Bretlandi. Alls var 43.308 bílum stolið í Bretlandi á síðasta ári, sem var fjölgun upp á 9.000 bíla á milli ára. Ekki hafði eins mörgum bílum verið stolið í landinu frá árinu 2011 og hafði þeim fækkað niður í 30.700 árið 2015.

Þrátt fyrir að bílaframleiðendur framleiði sífellt vandaðri öryggisbúnað sem koma á í veg fyrir bílþjófnað þá virðast þjófarnir alltaf skrefi á undan og einhvern veginn komast yfir tölvubúnað og hugbúnað sem gerir þeim kleift að stela bílum.

### Fækkun lögreglumanna um 20.000

Lögreglumönnum í Bretlandi hefur fækkað um 20.000 frá árinu 2010 og er þessi bílþjófnaðarbylgja nú ekki síst rakin til þess en lögreglan hefur ekki sama sýnileika og áður og hefur ekki tíma til að rannsaka eða endurheimta alla þessa stolnu bíla. Sala á lásum sem settir eru á stýri tvöfaldaðist árið 2017 og almennt hefur sala á alls konar öryggisbúnaði til að koma í veg fyrir þjófnað á bílum stóraukist.

Þjófnaðir á bílum í ár í Bretlandi benda til þess að heildartalan gæti náð 40.000 bílum, sem er minna en í fyrra, en samt miklu meira en árin 2102 til 2016. Þetta er þó ansi langt frá tölunni á versta bílaþjófnaðarári Bretlands árið 1993 þegar 540.000 bílum var stolið. Þá voru engin öryggiskerfi komin í bíla.



Sífellt þróaðri tækniþekking þjófanna og fækkun í lögreglu skýrir aukninguna..

# Mistök við stefnumótun Maserati

Hinn nýi forstjóri Fiat Chrysler, Mike Manley, lét nýlega hafa eftir sér að mikil mistök hafi verið gerð við stefnumótun og markaðssetningu Maserati-merkisins, en þetta fræga sportbílamerki tilheyrir Fiat Chrysler.

Maserati-merkið var sett samhliða Alfa Romeo-merkinu undir forystu Sergio Marchionne, fráfarandi forstjóra, og stefnt að mikilli fjöldaframleiðslu bíla. Mike Manley vill meina að þannig merki sé Maserati alls ekki og ætti síst að stefna að sem mestri framleiðslu. Stefna Marchionne hafi verið sú að koma sölu Maserati-bíla upp í 75.000 bíla á ári. Það markmið var síðan lækkað í 50.000 bíla í júní, sem líka hafi verið mjög óraunhæft og illa ígrundað.

Salan eftir fyrstu 9 mánuði ársins nam aðeins 26.400 bílum og ekki er víst að það mun ekki nást að framleiða og selja 24.000 bíla á síðustu þremur mánuðum ársins. Sala Maserati-bíla hefur til dæmis fallið um 16% í Bandaríkjunum. Er því kennt um að Maserati bjóði ekki nægt úrval nýrra bílgerða, en einnig nýrri WLTP-viðmiðun Evrópusambandsins um mengun en þar af leiðandi hefur salan einnig minnkað í Evrópulöndum.

Búast má við nýrri stefnumörkun Maserati og að megináhersla verði lögð á gæði og sérstöðu Maserati-merkisins, en alls ekki einblínt á að selja sem flesta bíla.



Maserati Levante.




# HÁSETINN

Ford EcoSport býður upp á mikla veghæð sem kemur sér vel í snjó og við aðrar erfiðar aðstæður. Þú situr líka hærra og það er mun þægilegra að ganga um bílinn.

Ford EcoSport Titanium S er sérlega vel búinn m.a. leðuráklæði á sætum, 17" álfelgum, Xenon aðalljósum, 8" snertiskjá, tölvustýrðri loftkælingu, 7 hátölurum, bakkmyndavél, SYNC3 hljómtækjum með raddstýringu og neyðarhringingu, ESP stöðugleikakerfi með spólvörn, leðurklætt fjölstillanlegt stýri, Apple CarPlay og Android Auto.

**FORD ECOSPORT KOSTAR FRÁ: 2.950.000 KR.**

**FORD ECOSPORT TITANIUM S SJÁLFSKIPTUR KOSTAR:**

**3.750.000** KR.

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford EcoSport***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## SKODA KAROQ

- 1,6 LÍTRA DÍSILVÉL
- 115 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 4,8 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 125 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 10,9 í 100 km hraða.
**Hámarkshraði:** 188 km/klst.
**Verð frá:** 4.690.000 m.kr.
**Umboð:** Hekla

Kostir:
- Lítil eyðsla
- Akstureiginleikar
- Rými

Gallar:
- 1,6 lítra dísilvélin afllítil

# Enn einn Skoda-gæðingur

**Karoq leysir Yeti af hólmi og er mun betri akstursbíll og útlit hans höfðar til fleiri. Enn á ný sendir Skoda frá sér gæðabíl sem troðinn er búnaði og sniðugum lausnum og er „Simply Clever“.**

Á síðustu árum hefur Skoda gert sig gildandi í framleiðslu jeppa og jepplinga og ekki leið langt frá því er Skoda kynnti Kodiaq-jeppa sinn að jepplingurinn Karoq fylgdi í kjölfarið. Kodiaq kom á markað árið 2016 og Karoq í fyrra. Viðtökur við þessum bílum hafa verið góðar, enda Skoda þekkt orðið fyrir vandaða smíði og sniðugar lausnir og er slagorð Skoda „Simply Clever“. Þetta slagorð á reyndar ágætlega við þetta síðasta útspil tékkneska framleiðandans því þrátt fyrir ágæti sitt er hann ódýrasti jepplingurinn af þessari stærð.

Karoq á eins og við mátti búast systurbíl innan Volkswagen Group samstæðunnar og er það Seat Ateqa. Með tilkomu Skoda Karoq ákvað Skoda að hætta framleiðslu



Skoda Karoq var kynntur í fyrra og kom í kjölfarið á stærri bróðurnum, Skoda Kodiaq-jeppanum.








Skoda Karoq er með öll innri útlitseinkenni Skoda-bíla og huggulegur mjög.

Yeti-bíls síns, en þessir bílar eru ámóta stórir jepplingar. Þó er Karoq aðeins lengri og breiðari en Yeti og sannarlega með meira og betra innanrými. Margir munu þó sakna Yeti-bílsins og hans aðlaðandi kassalags, en samt svo fágaðrar hönnunar. Það verður þó ekki tekið af Karoq að þar fer fríður bíll sem höfða mun til margra og vafalaust mun fleiri en Yeti.

### Eyðslugrannur en afllítill

Karoq býðst hjá Heklu með 1,0 og 1,5 lítra bensínvélum, 115 og 148 hestafla og 1,6 og 2,0 lítra dísilvélum, einnig 115 og 148 hestafla. Bíllinn sem reyndur var þessu sinni var með 1,6 lítra dísilvélinni og því 115 hestöfl. Með þessari vél er Karoq sérlega eyðslugrannur en í leiðinni fremur afllaus. Uppgefin eyðsla bílsins er 4,8 lítrar sem er náttúrulega til fyrirmyndar, en þá þarf líka að sætta sig við bíl sem svarar ekki vel þegar hægri fætinum er beitt með vilja. Þó má vissulega gera ráð fyrir því að afl þessarar vélar muni þjóna vel stórum hópi fólks sem setur lága eyðslu ofarlega á kostalistanum. Til að setja meintan aflskortinn í eitthvert samhengi má geta þess að bíllinn er 10,9 sekúndur í 100 km hraða.

Með þessari vél kemur bíllinn framhjóladrifinn og er fyrir vikið ansi ódýr miðað við jepplinga í þessari stærð, eða á kr. 4.690.000. Þeir sem kjósa Karoq með fjórhjóladrifi hafa aðeins um einn vélarkost að ræða, en það ekki slæman, eða 2,0 lítra TDI-dísilvélina.

### Étur allar ójöfnur

Einhvern veginn verður ekki komist hjá því að bera saman

# BÍLAR



Að innan koma smíðakostir Skoda berlega í ljós og eina ferðina enn sannfærist greinarritari um það hversu vel bílar Skoda eru smíðaðir.

akstur á forveranum Yeti og þessum nýja Karoq-jepplingi sem byggður er á MQB-undirvagni Volkswagen Group. Fyrir vikið er Karoq mun betri akstursbíll og ökumaður finnur ekki mikið fyrir undirlaginu þó það sé svolítið óslétt. Góð fjöðrunin étur hreinlega upp ójöfnurnar og ökumaður finnur einhvern veginn svo vel fyrir öryggi í akstri bílsins. Ekki versnar það þegar farið er út á þjóðvegina og meiri hraða náð, en bíllinn er sérlega hljóðlátur og frábær ferðafélagi.

Stýring bílsins virðist nákvæm og sannarlega er bíllinn skemmtilegur í akstri – ef finna má eitthvað neikvætt varðandi aksturinn þá hallast hann aðeins í beygjum en það virðist þó ekki koma niður á veggripi og rásfestu því alltaf er bíllinn negldur við malbikið. Þarna gerir Skoda sannarlega vel.

**» Líkt og stóri bróðir, Kodiaq, hefur Karoq vakið skiljanlega lukku frá komu hans í fyrra og hlotið ýmsar viðurkenningar. Hann kom, sá og sigraði í flokki jepplinga í „Best Car?“**

### „Simply Clever“

Að innan koma smíðakostir Skoda berlega í ljós og eina ferðina enn sannfærist greinarritari um það hversu vel bílar Skoda eru smíðaðir. Auk þess er bíllinn nokkuð laglegur að innan og gaman er að sjá öll smáatriðin sem Skoda stendur svo sannarlega undir með slagorðinu „Simply Clever“. Einna flottast er þó að sjá ljósið sem varpar merki Skoda á götuna neðan úr framhurðunum. Ekki verður heldur sagt annað en Karoq sé rúmgóður bíll með 1.630 lítra farangursrými með aftursætin niðri.

Líkt og stóri bróðir, Kodiaq, hefur Karoq vakið skiljanlega lukku frá komu hans í fyrra og hlotið ýmsar viðurkenningar. Hann kom, sá og sigraði í flokki jepplinga í „Best Car?“, hlaut hin eftirsóttu Autonis hönnunarverðlaun fyrir bestu nýju hönnunina í flokki sportjeppa, nældi sér í hið eftirsótta Golden Steering Wheel, og skartar fimm stjörnum í árekstrar- og öryggisprófunum hjá Euro NCAP. Með Karoq er því kominn afar frambærilegur jepplingur sem fá má á góðu verði með þessari vél sem prófuð var.



Laglegar línur einkenna flesta nýja bíla Skoda og fremur hvassar..


Hagstæð fjármögnun á bílum og tækjum



**Landsbankinn býður** fyrirtækjum og einstaklingum hagstæða fjármögnun á nýjum og notuðum bifreiðum og atvinnutækjum.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Enn ríflega 100 milljónir ósóttar hjá Speli

Starfsmenn Spalar hafa nú greitt viðskiptavinum félagsins liðlega helming þeirra fjármuna sem þeir áttu á áskriftarreikningum sínum. Er þar um að ræða andvirði ónotaðra ferða á veglyklum og afsláttarmiðum þegar ríkið tók við rekstri Hvalfjarðarganga 1. október síðastliðinn. Nema endurgreiðslurnar um 120 milljónum króna af alls 231 milljón, sem var staðan í lok september. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Speli. Afsláttarmiðar hafa skilað sér hlutfallslega verr en veglyklar, eins og við var búist.

Alls voru 111.000 ónotaðir miðar útistandandi í lok september þegar Spölur hætti innheimtu veggjalda sem eru að verðmæti um 71 milljón króna. Nú hefur Spölur greitt á átjándu milljón króna fyrir liðlega 27.000 miða. Skýrt skal tekið fram að þessar tölur eiga einungis við um frágengin uppgjörsmál en mun fleiri veglyklar og afsláttarmiðar eru komnir í hús og bíða úrvinnslu.

Nokkurn tíma tekur að vinna úr því sem safnast hefur fyrir á skrifstofu Spalar og við bætist svo allt það sem á eftir að skila sér til mánaðamóta.

**» Starfsfólk Spalar mun leggja sig fram um að reyna að ná sambandi við þá sem ekki létu í sér heyra fyrir 1. desember en eiga inni á áskriftarreikningum hjá félaginu.**

### Frestur til að skila útrunninn

Viðskiptavinir Spalar voru hvattir til að skila veglyklum og afsláttarmiðum fyrir lok nóvember og var um tíma umtalsverð ös á afgreiðslustöðum.

Þá kemur fram í tilkynningu Spalar að í desember er stefnt að því að ljúka uppgjöri við alla þá sem skiluðu lyklum og miðum fyrir lok nóvember. Jafnframt mun starfsfólk Spalar leggja sig fram um að reyna að ná sambandi við þá sem ekki létu í sér heyra fyrir 1. desember en eiga inni á áskriftarreikningum hjá félaginu. Spölur á veglyklana og endurgreiðir viðskiptavinum sínum fyrir hvern lykil sem skilað er og innistæður á áskriftarreikningum að auki. Þeir sem af einhverjum ástæðum skila ekki veglyklum fá engu að síður innistæður sínar greiddar en ekki skilagjald.

Unnið verður að lokauppgjöri Spalar og frágangi af ýmsu tagi fram á árið 2019. Félaginu verður síðan slitið. Í afhendingarsamningi ríkisins og Spalar er kveðið á um að ef einhverjir fjármunir verði eftir í fórum Spalar, þegar allur kostnaður hefur verið greiddur og hlutafé sömuleiðis, skuli þeir renna til sérstakra verkefna í tengslum við rekstur Hvalfjarðarganga.

## Nýr Range Rover Evoque með mild-hybrid

Ný kynslóð hins smávaxna Range Rover Evoque kemur á næsta ári sem 2020 árgerð og er þetta önnur kynslóð bílsins. Range Rover Evoque verður þá fyrst kynntur með 48 volta mild-hybrid drifrás sem skilar allt að 296 hestöflum með Ingenium forþjöppudrifinni vél auk rafmagnsaðstoðar. Hann mun reyndar einnig bjóðast með aflminni 246 hestafla drifrás sem einnig styðst við 48 volta mild-hybrid rafmagnsaðstoð. Níu gíra sjálfskipting verður tengd við báðar þessar drifrásir. Til að koma fyrir þessari 48 volta mild-hybrid drifrás þurfti Land Rover að breyta undirvagni bílsins og er bil milli öxla aukið á bílnum og rýmið eykst innan í honum fyrir vikið. Flutningsrými eykst líka um 6% og geymsluhólf inni í bílnum stækka líka.

**» Range Rover Evoque verður fyrst kynntur með 48 volta mild-hybrid drifrás sem skilar allt að 296 hestöflum.**

### Fær útlitseinkenni frá Velar

Nýr Range Rover Evoque verður 13% stífari en forverinn og bíllinn fær nýja multi-link fjöðrun. Í öllum gerðum verður bíllinn fjórhjóladrifinn en aflið til afturhjólanna aftengist ósjálfrátt þegar ekki er þörf á því til að minnka eyðsluna. Bíllinn verður gerbreyttur að innan og svo til allir takkar sem í honum finnast nú munu hverfa og í stað þeirra má stjórna öllum stjórntækjum með snertiskjá. Að utanverðu mun Range Rover Evoque erfa mikið frá hinum gullfallega Range Rover Velar og er þar ekki leiðum að líkjast. Range Rover Evoque verður fyrst sýndur almenningi á Chicago Auto Show á næsta ári og er staðarvalið engin tilviljun því í fyrsta sinn verður Range Rover Evoque í boði í Bandaríkjunum með þessari nýju kynslóð.

# Porsche 911 GT2 RS Clubsport er 700 hestöfl

**Aðeins 200 eintök af þessum 700 hestafla ofurbíl verða framleidd til notkunar í hinum ýmsu keppnisgreinum.**

Nær upprunanum en jafnframt stórkostlegur – hinn nýi Porsche 911 GT2 RS Clubsport var frumsýndur í Los Angeles nýverið. Aðeins 200 eintök af þessum 700 hestafla ofurbíl verða framleidd til notkunar í hinum ýmsu keppnisgreinum. „Á næstu árum munu viðskiptavinir okkar ekki einungis geta keppt á GT2 RS Clubsport á sérlegum brautardögum heldur einnig í alþjóðlegum keppnum,“ segir dr. Frank- Steffen Walliser, einn yfirmanna akstursíþróttamála hjá Porsche.

Tækni þessa sérsmíðaða keppnisbíls er að mörgu leyti upprunnin frá hinum götuskráða ofurbíl 911 GT2 RS, líkt og í 935 sem Porsche kynnti nýverið. Hreyfillinn kemur frá götuskráðum 911 GT2 RS, hátæknilegt undur, 3,8 lítrar að rúmmáli með tveimur forþjöppum. Sá er vitanlega staðsettur að aftanverðu sem fyrr og skilar sér í 310 millimetra breið afturdekkin í gegnum sjö gíra tvíkúplungsgírkassa. Líkt og í öðrum keppnisbílum frá Porsche skiptir ökumaður á milli gíra með sérhönnuðum flipum á stýrishjólinu. Staðsetning hreyfilsins, aftan við afturöxul bílsins, tryggir einnig bestu mögulega rásfestu og bremsugetu í gegnum bremsur sérhannaðar með keppnisakstur í huga.



Mótorinn kemur frá götuskráðum 911 GT2 RS, hátæknilegt undur, 3,8 lítrar að rúmmáli með tveimur forþjöppum. Sá er vitanlega staðsettur að aftanverðu sem fyrr og skilar sér í 310 millimetra breið afturdekkin í gegnum sjö gíra tvíkúplungsgírkassa.

Líkt og í hinum götuskráða 911 GT2 RS þá er 1.390 kílógramma Clubsport útgáfan með PSM (Porsche Stability Management) stöðugleikakerfi með spólvörn og ABS-hemlalæsivörn. Kerfi þessi eru stillanleg á ýmsan hátt, allt eftir því hvernig og hvar verið er að keyra bílinn. Koltrefjastýrishjólið sem og litaskjárinn sem glittir í þar fyrir aftan koma beinustu leið frá 2019 Porsche 911 GT3 R keppnisbílnum. Gríðarþykkt og öflugt veltibúrið ásamt keppnissætunum veita svo ökumanni hámarksöryggi við krefjandi aðstæður í keppni.

# BMW hefur framleiðslu á rafhlöðum í Taílandi

BMW Group Thailand, dótturfélag BMW í Þýskalandi, hefur ákveðið að hefja framleiðslu á rafhlöðum fyrir rafbíla BMW og MINI á Asíumarkaði, bæði til að mæta vaxandi eftirspurn á markaðssvæðinu og aukinni áherslu á rafbíla. Markaðshlutdeild félagsins fer mjög vaxandi um þessar mundir og var salan fyrstu níu mánuði ársins tæpum sextán prósentum meiri en á sama tímabili 2017.

Í Taílandi fer eftirspurn neytenda eftir rafbílum mjög vaxandi og




Samankomnir fulltrúar BMW Group í Taílandi, Dräxlamaier og BMW.

hyggst félag BMW þar í landi leggja mjög aukna áherslu á þann markað í sölunni. Til að þær áætlanir gangi sem best eftir hefur fyrirtækið gert samning við iðnfyrirtækið og birginn Dräxlamaier um að hafa yfirumsjón með framleiðslu rafhlaðanna og tengdra íhluta og búnaðar sem til þarf. Framleiðslan hefst á nýju ári í verksmiðju sem verið er að reisa í iðnaðarhéraðinu í Chonburi.

Christian Wiedmann, forstjóri BMW Group Thailand, segir að eigin framleiðsla á rafhlöðum og tengdum búnaði muni auðvelda fyrirtækinu að mæta þörfum vaxandi hóps viðskiptavina á Asíumarkaði með meiri afköstum og styttri afhendingartíma. Nýja verksmiðjan muni einnig styðja vel við núverandi bílaverksmiðju BMW í Rayong sem framleiðir m.a. fjórar gerðir tengiltvinnbíla.

Á meðfylgjandi mynd eru saman komnir fulltrúar BMW Group í Taílandi, Dräxlamaier og BMW Group AG í Þýskalandi í nýrri verksmiðju sem verið er að reisa í Chonburi.

# BOGABRAUT 952
## REYKJANESBÆR, ÁSBRÚ

TRAUSTI fasteignasala








### Trausti fasteignasala kynnir:

**Glæsilegar 3ja herbergja íbúðir að Bogabraut 952 í Reykjanesbæ.**
**Íbúðirnar eru 89,3 – 97,2 fm. og hverri íbúð fylgir geymsla.**

**Um er að ræða tvo stigaganga sem hvor um sig geymir 11 íbúðir. Samtals eru 6 íbúðir á jarðhæð, 8 íbúðir á annarri hæð og 8 íbúðir á þriðju hæð.**

### Íbúðirnar hafa verið endurnýjaðar að miklu leyti:

- Ný gólfefni í öllum íbúðum.
- Ný eldhústæki í öllum eldhúsum frá Electrolux og AEG.
- Öll baðherbergi hafa verið endurnýjuð og gerð upp.
- Ný Damixa blöndunartæki í öllum íbúðum.
- Allar íbúðir nýmálaðar.
- Nýjar innihurðar í öllum íbúðum.
- Nýjir rofar og tenglar í öllum íbúðum.

| Íbúð | Verð |
|---|---|
| 103 | 26,5 millj. |
| 104 | 26,9 millj. |
| 105 | 26,9 millj. |
| 203 | 27,3 millj. |
| 204 | SELD |
| 205 | 27,5 millj. |
| 206 | SELD |
| 303 | 27,7 millj. |
| 304 | 27,9 millj. |
| 305 | 27,9 millj. |
| 306 | SELD |





# SÖLUSÝNING
## MIÐVIKUDAGINN 5. DESEMBER KL. 17:00 - 17:30

## Verð frá 26,5 millj.

Bókaðu skoðun hjá Garðari í síma 898-0255 / gardarbs@trausti.is eða hjá Kristjáni í síma 867-3040 / kristjan@trausti.is



**Kristján Baldursson**
hdl., löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040



**Garðar B. Sigurjónsson**
Aðstoðarmaður fasteignasala, í námi til löggildingar fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölu.
S: 898-0255

# BÍLAR

KOSTIR OG GALLAR

## FORD FOCUS

- X1,0 LÍTRA BENSÍNVÉL
- X125 HESTÖFL
- XFRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 4,7 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 107 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 11,3 í 100 km hraða.
**Hámarkshraði:** 193 km/klst.
**Verð frá:** 3.190.000 m.kr.
**Umboð:** Brimborg

Kostir:
- Útlit
- Akstureiginleikar
- Búnaður
- Verð

Gallar:
- Engin tengiltvinn- eða rafmagnsútgáfa

# Fimur sem köttur

Ford Focus er kominn af fjórðu kynslóð, og er einfaldlega með allra bestu akstursbílum, fríðari en áður og fæst með frábærum vélarkostum. Auk þess kemur Focus hlaðinn staðalbúnaði.

Ford Focus er nú kominn af fjórðu kynslóð, en Focus kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1998 og leysti þá af hólmi hinn þekkta bíl Ford Escort.

Brimborg hefur fengið fyrstu eintökin af nýjum fjórðu kynslóðar Focus-bílum en Focus er ein söluhæsta bílgerð heims og var til dæmis þriðji söluhæsti bíll Bretlands í fyrra á eftir VW Golf og Ford Fiesta. Miðað við hversu vel heppnaður Ford Focus er nú má telja víst að hann haldi áfram að vera einn mest seldi bíll í heimi, þrátt fyrir allt jepplingaæðið sem nú ríkir.

Brimborg býður nú Ford Focus með þremur vélarkostum, öllum mjög góðum, þ.e. 1,0 og 1,5 lítra bensínvélum og 1,5 lítra dísilvél. Eins lítra bensínvélin er fáránlega öflug miðað við stærð, eða 125 hestöfl og með henni finnst sko ekki fyrir aflskorti, öllu heldur er bíllinn skemmtilega snöggur og eyðir líka afar litlu. Með 1,5 lítra og 150 hestafla vél er Focus eiginlega orðinn að spyrnukerru og í reynsluakstursbílnum með þeirri vél var hann sjálfskiptur og einkar þægilegur bíll. Focus með dísilvél var ekki reyndur þessu sinni. Allar vélarnar búa yfir Auto-Start-Stop búnaði og standast einnig kröfur um Euro 6 losunarstaðlana.




Ford Focus er ferlega flottur útlits og ekki versnar það þegar inn er komið. Vindstuðull bílsins er aðeins 0,27 Cd.

### Fallegri, léttari, betri

Að ytra útliti er nýr Focus sérdeilis fríður og vel heppnuð teikning. Fyrir því fannst þar sem mikið var starað á bílinn með 1,5 lítra vélinni sem var af ST-gerð, enda fer þar hrikalega flottur bíll. Hinn var einnig snotur þó að töffaraskapurinn hafi ekki verið tekinn í sömu hæðir í útfærslu hans, ekki síst hvað felgurnar varðar.

Núna er Ford Focus hannaður fyrir Evrópubúa og ekki reynt eins og með síðustu kynslóð að höfða til alls heimsins, þar á meðal bandarískra kaupenda, sem ávallt eyðileggur hvern bíl. Það á reyndar einnig við um aksturseiginleika bílsins, en Focus er nú settur upp hvað undirvagn og fjöðrun varðar fyrir Evrópumarkað og fyrir því finnst á sérdeilis jákvæðan hátt.

En áfram að ytri hönnuninni. Svo vel hefur tekist til við hana að vindstuðullinn er aðeins 0,27 Cd. Lengra húdd og meira bil á milli öxla hefur líka gert Focus miklu sportlegri. Auk þess tókst Ford að létta bílinn talsvert á milli kynslóða og er hann nú í sinni léttustu útfærslu aðeins 1.325 kíló.

### Einstök akstursgæfni

Aksturshæfni fjórðu kynslóðar Focus er í einu orði sagt frábær. Líklega fer þarna akstursgæfasti bíllinn í sínum stærðarflokki og er þá ekki verið að keppa við neina aukvisa, svo sem Volkswagen Golf. Það er hreinlega alger unaður að aka þessum bílum, sama hver vélin er, því að undirvagninn og fjöðrun bílsins er svo vel uppsett að erfitt getur reynst að finna takmörk bílsins í gripi og hegðun. Það er hægt að henda þessum bíl svo hratt gegnum hornin og hringtorgin að meðreiðarfólk öskrar af skelfingu, en bíllinn heldur sínu striki og hlær að þessu öllu saman.

Í reynsluakstrinum á þessum ólíku 1,0 og 1,5 lítra bílum var mikill munur á eyðslu þeirra og var hreinlega erfitt að halda öflugri bílnum undir 10 lítrunum í frísklegum akstrinum með Sport-stillinguna á, hvað annað? Í bílnum með minni 1,0 lítra og þriggja strokka vélinni var lítið mál að koma bílnum niður í 6 lítra eyðslu, en þó þarf örugglega að vanda sig voða mikið til að ná uppgefinni 4,7 lítra eyðslu, enda er það fremur leiðinleg iðja.









Mjög góð skottopnun og fínasta skottrými fyrir ekki stærri bíl sem kostar frá 3.190.000 kr.

### Búnaður á pari við lúxusbíla

Að innan er Focus allur hinn laglegasti og að sögn Ford er staðalbúnaður Focus á pari við margan lúxusbílinn. Hann er til dæmis með loftkælingu og upphitanlegri framrúðu, sítengdur með Bluetooth og meðal öryggisbúnaðar má nefna árekstrarvara, veglínuskynjara og ökumannsvaka. Að auki er brekkuaðstoð sem auðveldar ökumanni að taka af stað í halla.

Apple CarPlay og Android Auto og 6 hátalarar eru í bílnum og fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki. Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi, forritanlegur lykill með takmörkun á hámarkshraða, hljóðstyrk hljómtækja o.fl., stillanlegur akstursmáti (Normal/Eco/Sport) og Easy fuel búnaður sem kemur í veg fyrir að rangt eldsneyti sé sett á bílinn prýðir einnig nýjan Focus. Í ST-útfærslunni var auk þess þægilegt að finna að þegar kveikt var á hita í ökumannssæti kom líka hiti í stýrið.



Laglegur afturendi og ekki skemma flottar felgurnar fyrir.

Sem sagt dúndrandi vel búinn bíll á verði sem byrjar í 3.190.000 kr. með 1,0 lítra vélinni og beinskiptur. Dýrasta útgáfa Focus er ST-line útgáfan með 150 hestafla bensínvélinni á 3.990.000 kr. Fyrir það fæst líka mikill og heljarskemmtilegur bíll, en sá ódýrasti er líka góð kaup.

HONDA 70 YEARS

**HONDA**
The Power of Dreams

# MEIRI AFKÖST
# MEIRI BÚNAÐUR
# MEIRI CIVIC




## COMFORT

**1.0 VTEC TURBO - 130 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **3.190.000**

- 16“ álfelgur
- ECON sparakstursstilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörn
- LKAS akreinaaðstoð
- Vitræn hraðatakmörkun
- Vitrænn aðlaganlegur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- EPS hraðatengt aflstýri
- Rafstýrð handbremsa með brekkuaðstoð
- Idle Stop tækni
- Loftkæling
- Rökkurstilling á aðalljósum
- Rafstýrðir og upphitaðir hliðarspeglar
- Hiti í sætum (framan)
- 5“ skjár fyrir hljómtæki
- USB / AUX tengi (iPod samhæft)†
- 8 hátalarar
- Aðgerðarhnappar í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjáls búnaður*
- LED dagljós

## ELEGANCE

**1.0 VTEC TURBO - 130 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **3.550.000**

- 17“ álfelgur
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- ECON sparakstursstilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörun
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- Flipaskipting í stýrishjóli
- Tvísktipt tölvustýrð loftkæling
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- 2x USB tengi / HDMI tengi
- 8 hátalarar
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- Skyggðar rúður að aftan
- LED dagljós

## SPORT PLUS

**1.5 VTEC TURBO - 182 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **4.190.000**

- 17" álfelgur
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinaviðvörun
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Flipaskipting í stýrishjóli
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýri
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- 8 hátalarar
- 2x USB tengi / HDMI tengi
- Sport-listar (Framan / Hliðar / Aftan)
- Skyggðar rúður að aftan
- LED aðal- og dagljós
- Tvískipt tölvustýrð loftkæling
- BSI blindbletta- og hliðarumferðaviðvörun
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Þráðlaus hleðsla fyrir símtæki
- HPA hljómkerfi - 11 hátalarar
- Opnanlegt glerþak
- ADS stillanleg fjöðrun

## PRESTIGE

**1.5 VTEC TURBO - 182 hestöfl**
6-gíra beinskipting
7-gíra sjálfskipting (CVT)

frá kr. **4.290.000**

- 17“ álfelgur
- Leðurklædd innrétting
- Leðurklætt stýri og gírstangarhnúður
- Ál pedalar
- Hraðatengt EPS rafmagnsstýri
- LSF vitræn hæghraðastilling
- CMBS radartengd árekstrarvörn
- LDW akreinavari
- LKAS akreinaaðstoð
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- RDM rásvörn
- TSRS umferðarmerkjagreining
- Flipaskipting í stýri
- ADS stillanleg fjöðrun
- Fjarlægðarskynjarar (framan og aftan)
- Hiti í sætum (framan og aftan)
- Honda CONNECT með Garmin leiðsögukerfi
- Aðgerðarhnappar fyrir hljómtæki í stýrishjóli
- HFT Bluetooth™ handfrjálsbúnaður**
- Bakkmyndavél
- HPA hljómkerfi - 11 hátalarar
- 2x USB tengi / HDMI tengi†
- Skyggðar hliðarrúður að aftan
- LED aðal- og dagljós
- Tvískipt tölvustýrð loftkæling
- BSI blindbletta- og hliðarumferðaviðvörun
- Krómað framgrill og hurðarhúnar
- Þráðlaus hleðsla fyrir símtæki
- Opnanlegt glerþak
- Lykillaust aðgengi

## TYPE-R

**2.0 VTEC TURBO - 320 hestöfl**
6-gíra beinskipting

frá kr. **6.290.000** STAÐGREITT

- 20“ Piano black álfelgur
- ISL vitræn hraðatakmörkun
- ICC vitrænn radartengdur skriðstillir
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Type-R sportsæti með innbyggðum höfuðpúða og rússkinsáferð
- Type-R leðurklætt sportstýri
- Áklæði og mælaborð með rauðum saumi
- Merkt serialnúmer eintaks
- Ál gírstangarhnúður og pedalar
- Comfort / Sport / Type-R akstursstilling
- Þyngdaraflsmælir (G-force)
- Hraðatengt aflstýri
- Rafstýrð handbremsa með brekkuaðstoð
- Idle stop tækni
- Stillanleg fjöðrun (framan og aftan)
- Rafstýrðar rúður (framan og aftan)
- Hæðarstillanglegt ökumannssæti
- Hágæða upplýsingaskjár fyrir ökumann
- Honda CONNECT
- HFT Bluetooth™ handfrjáls búnaður
- Bakkmyndavél
- Carbon sportlistar (framan/hliðar/aftan)
- Type-R vindskeið
- Type-R þrefalt púst
- Type-R merki (framan og aftan)

**Einnig fáanlegur með GT LINE aukahlutapakka**

# OPIÐ LAUGARDAGA MILLI KL. 12:00 OG 16:00



**Honda Jazz**
verð frá kr. 2.890.000



**Honda Civic**
verð frá kr. 3.190.000



**Honda HR-V**
verð frá kr. 4.090.000



**Nýr Honda CR-V**
verð frá kr. 5.990.000

**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800 • Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

**HONDA**

# BÍLAR



Vélar Mazda eru sérlega sparneytnar.

## Mazda leggur áfram áherslu á brunavélar

Mazda hefur hingað til ekki verið einn af stóru þátttakendunum í rafbílavæðingunni og það stendur ekki til á næstunni. Mazda vill nefnilega meina að mjög víða í heiminum séu bílar með hefðbundnar brunavélar umhverfisvænni kostur en rafbílar. Ástæða þess er hvernig rafmagn er framleitt víða, gjarnan með kolum, gasi eða olíu. Því sé fyrir bestu að leggja áherslu á sparneytnar brunavélar, hvort sem þær eru knúnar bensíni eða dísilolíu. Þar er Mazda reyndar mikill brautryðjandi og vélar frá Mazda eru þekktar fyrir litla eyðslu og gott afl. Forsvarsmenn Mazda vilja meina að enn sé hægt að minnka eyðslu brunavéla um allt að 30% og á það stefni Mazda bæði í tilfelli bensín- og dísilvéla. Þá ætlar Mazda að halda áfram þróun rotary-véla og nota á næstunni smáar slíkar vélar við hlið brunavéla til aflaukningar og minni eyðslu.



Vinnsla mun hefjast á litíum í Afríkuríkinu Malí innan tveggja ára.

## Litíum finnst í Malí

Í Afríkuríkinu Malí hefur fundist vinnanlegt litíum, en það er afar eftirsótt efni í framleiðslu rafhlaða fyrir bíla. Áætlað er að tilvonandi litíumnámur þar í landi innihaldi 694.000 tonn af litíum.

Bílaiðnaðurinn hefur um nokkurt skeið haft áhyggjur af því hversu fáar litíumnámur hafa fundist í heiminum til þessa og þeirri takmörkuðu auðlind sem litíum gæti verið. Þessi fundur í Malí slær eitthvað á þær áhyggjur. Það eru áströlsk og bresk námufyrirtæki sem fundið hafa þessar námur í Malí og þau munu hefja vinnslu þeirra árið 2020. Ekki er reyndar loku fyrir það skotið að meira af litíum finnist í námunum þegar vinnsla í þeim hefst innan tveggja ára.

Stærstu litíumnámur heims í dag er að finna í Chile og Ástralíu. Áætlað vinnanlegt magn í þeim námum sem fundist hafa hingað til er um 16 milljónir tonna.

## Hyundai i20 bestur í flokki minni fólksbíla að mati Auto Bild

Að mati þýska bílatímaritsins Auto Bild er Hyundai i20 besti bíllinn í flokki minni fólksbíla samkvæmt því sem fram kemur í árlegri skýrslu tímaritsins, Auto Bild's TÜV Report 2019. Ástæðan er einstaklega lágt hlutfall alvarlegra bilana í prófunum bílasérfræðinga Auto Bild, eða einungis 3%. Niðurstöðurnar byggja á 8,8 milljónum athugana sem gerðar voru á tímabilinu frá 1. júlí 2017 til 31. júlí í ár.



Vegtyllan er mikilvægur mælikvarði fyrir kaupendur nýrra bíla.

Að mati tímaritsins eru niðurstöðurnar mikilvægur mælikvarði fyrir kaupendur nýrra og notaðra bíla því þær vitna um þær miklu kröfur sem Hyundai geri til gæða og áreiðanleika framleiðslunnar. Um leið er áreiðanleiki i20 sterk vísbending um hagkvæman rekstur og lág útgjöld til viðgerða vegna þess hve bilanir eru fátíðar.

Í prófunum Auto Bild eru bílar flokkaðir eftir verðflokki, aldri (tveggja til ellefu ára), stærðar- og gerðarflokki, svo sem hvort um er að ræða smábíla, sportbíla, sendibíla, jepplinga eða lúxusbíla, auk þess sem þeir eru flokkaðir eftir orkugjöfum. Besti bíllinn í hverjum aldursflokki er sá sem bilar sjaldnast alvarlega og þeir bílar sem hafa lægsta gallahlutfallið eru flokkaðir sem þeir tíu bestu í heildarmatinu. Í flokki minni fólksbíla á þýska markaðnum er Hyundai i20 áreiðanlegasti bíllinn að mati Auto Bild.



JÓLAGJÖF VEIÐIMANNSINS

# SKILDI ÞAÐ VERA HJÓLAJÓL




SETJUM SAMAN FLOTT FLUGUBOX
- falleg flugubox eru góð gjöf

UMPQUA

UMPQUA eru með þeim fremstu í heiminum í hönnun og framleiðslu á töskum og hirslum fyrir fluguveiði

VERÐ FRÁ **KR 6.390,-**

Vöðlur, jakkar, úlpur, peysur, og margt fleira frá Wychwood og Guideline.
Flott tilboð í gangi - **allt að 50% afsláttur!**

**KR 32.280,-**

PAKKATILBOÐ KR 49.990,-

Fluguhjólin frá ALFA eru augnakonfekt, troðfull af orku, og eru góð gjöf.
Mikið úrval af fluguhjólum frá ALFA, Guideline, og Wychwood.

VERÐ FRÁ **KR 11.790,-**

GUIDELINE LAXÁ

TILBÚNIR TVÍHENDU- OG SWITCHPAKKAR

Glæsilegir tilbúnir pakkar á verði sem á sér enga hliðstæðu. Stöng, hjól, lína, taumur, og flottur hólkur!

VERÐ FRÁ **KR 43.850,-**

Korkers

KORKERS

BARA ÞAÐ BESTA!

Níðsterkir og glæsilegir vöðluskór með útskiptanlegum botnum

ÚTSKIPTANLEGIR BOTNAR

VERÐ FRÁ **KR 27.290,-**

CERTIFIED

MUNUM GJAFABRÉFIN GÓÐU

Ávísun á vandaðar og flottar vörur

GUIDELINE It's all about the experience · FULLINGMILL · Wychwood · Korkers · UMPQUA · ALFA

HLÍÐASMÁRI 13
201 KÓPAVOGUR
SÍMAR: 833 6440 / 833 6441
- Almennur opnunartími -
Opið virka daga frá 16:00 til 20:00
Laugardaga opið frá 11:00 til 16:00

info@flugubullan.is
http://www.flugubullan.is
facebook.com/flugubullan/

FLUGU Búllan

# Klementínur í jólaskapi

Flestir eru hrifnir af klementínum þegar þær koma í verslanir fyrir jólin. Margir kalla þær frekar mandarínur en fyrir jólin eru það þó klementínur sem eru á boðstólum.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Klementínurnar minna okkur á að það styttist til jóla. Hér áður fyrr kom jólalyktin með eplunum en núna eru það klementínurnar. Það eru nokkur kíló af klementínum sem renna niður á hverju heimili fyrir jólin. Í Noregi var gerð könnun og samkvæmt svörum borðar hver og einn Norðmaður um 5 kíló af klementínum fyrir jólin.

Mandarínur eru frekar í boði á sumrin. Mandarínur og klementínur eru svipaðir ávextir. Engu að síður eru mandarínur með þynnri berki og örlítið bragðmeiri en klementínur. Hins vegar eru klementínur safaríkari, sætari og yfirleitt steinlausar. Stærstur hluti þeirra kemur hingað til lands frá Spáni. Fyrir jólin í fyrra voru flutt um 620 tonn af klementínum til Íslands.

Sagan segir að ef klementínur eru með steinum hafi orðið krossfrjóvgun. Þá hefur býflugan frjóvgað sítrónu á undan og tekið með sér fræ af henni yfir í klementínuna.

Ef þú borðar þrjár klementínur á dag færðu í þig 130% af dagsþörf C-vítamíns ásamt 14% af trefjaþörf dagsins. Þær eru því afar hollar og góðar fyrir líkamann. Klementínur má einnig nota í matargerð, þær eru góðar í salat, þær henta sömuleiðis vel með kjöti, bæði nýju og reyktu. Þá getur verið gott að nota rifinn börk af klementínum í bakstur. Hér kemur mjög góður réttur sem einfalt er að útbúa.



Klementínur eru fallegar á borði og ekki síður jólalegar.

> Fyrir jólin í fyrra voru flutt um 620 tonn af klementínum til Íslands. Stærstur hluti kemur frá Spáni.



Klementínur passa með kjöti, sérstaklega reyktu kjöti en ekki síður ostum.

## Svínalund með appelsínum, klementínum, fennel og rósmaríni

Fyrir fjóra

**800 g svínalund**
**½ tsk. fennelfræ, marin**
**2 rauðlaukar**
**1 fennel**
**½ rauður chili-pipar**
**2 appelsínur**
**2 klementínur**
**2 msk. sítrónusafi**
**4 hvítlauksrif**
**2 stilkar rósmarín**
**Olía og smjör til steikingar**
**Salt og pipar**

Kryddið kjötið með fennel, salti og pipar. Hreinsið laukinn og skerið hann niður ásamt fennelinu. Skrælið eina appelsínu og klementínur og skerið í sneiðar. Hitið stóra pönnu og brúnið kjötið á báðum hliðum í olíu og smjöri. Bætið hvítlauk og fersku rósmarín á pönnuna og steikið. Takið af pönnunni og setjið á disk.

Bætið smjöri og olíu á pönnuna og steikið laukinn og fennelið. Látið malla og bragðbætið með salti og pipar. Bætið við smátt skornum chili-pipar, appelsínu- og klementínusneiðum og steikið áfram í þrjár til fjórar mínútur.

Hitið ofninn í 200 gráður. Setjið grænmetið ásamt ávöxtum og safa úr einni appelsínu og tvær msk. af sítrónusafa yfir. Leggið kjötið þar ofan á og einnig kjötsafann sem hefur myndast. Steikið í ofninum í um 15 mín. Takið úr ofninum og látið hvíla í 5-10 mín. á borðinu áður en það er skorið í sneiðar. Réttinn má bera fram með soðnum kartöflum eða fersku salati.






Aðventukransar prýða nær öll heimili fyrir jólin.

## Aðventukransinn er nýlegt fyrirbæri

Saga daganna eftir Árna Björnsson er hafsjór fróðleiks og ætti sú bók að vera til á hverju heimili. Þar kemur m.a. fram að aðventukransar eru fremur nýlegt fyrirbæri. Í Suður-Evrópu hefur löngum verið til siðs að skreyta híbýli með sígrænum greinum við hátíðleg tækifæri en snemma á 19. öld kom upp sá heimilisiðnaður í Norður-Þýskalandi að útbúa aðventukransa til að selja á jólamarkaði. Á kransinum voru fjögur kerti, eitt fyrir hvern sunnudag á jólaföstu. Um aldamótin hafði þessi siður borist til Suður-Jótlands og breiddist þaðan út um Danaveldi. Það var þó ekki fyrr en eftir 1940 sem aðventukransar urðu algengir um alla Danmörku. Almennt fóru aðventukransar ekki að sjást á Íslandi fyrr en eftir seinni heimsstyrjöldina og þá sem skraut í einstaka búðargluggum eða veitingahúsum. Þessi siður breiddist hægt út og aðventukransar urðu ekki vinsæl söluvara fyrr en milli 1960 og 1970. Á sama tíma varð vinsælt að búa til sína eigin aðventukransa. Nú til dags eru aðventukransar fastur hluti af aðventunni.

# Smáauglýsingar

**550 5055**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími
er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki


HEIMSBÍLAR



**PLUG-IN HYBRID NÝR BÍLL**
BMW 5 530e iperformance sportline. Árgerð 2018, ekinn 24 KM, bensín, sjálfskiptur 8 gírar. 258 hestöfl.Verð 6.490.000. Rnr.326741.



**TILBOÐ 1990Þ, SJÁLFSKIPTUR.**
VW Golf . Árgerð 2016, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 2.350.000. Rnr.332507.



**NÝR BÍLL.**
HYUNDAI Santa fe style. Árgerð 2019, ekinn 50 KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar. Verð 8.690.000. Rnr.326759.



**38" BREYTTUR**
TOYOTA Land cruiser 150 gx. 38" breyttur Árgerð 2014, ekinn 93 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 9.300.000. MJÖG VEL MEÐ FARINN... uppl. s. 567-4000 Rnr.332247.

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5674000**
**http://heimsbilar.is**

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bílauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BETRIBILAKAUP.IS
- Betri verð - Örugg og góð þjónusta -



Mitsubishi Outlander Intense+ Plug-in Hybrid. Árgerð 2019, nýr bíll. Sjálfskiptur. Fullkominn bíll fyrir íslenskar aðstæður. Betur búinn hjá okkur og á besta verðinu 4.849.000 kr.



Volvo XC60. Árgerð 2015, ekinn 73.000 km, dísel, sjálfskiptur. Frábær 4WD lúxus jeppi með glæsilega Ocean Race leðrinu. Verð 5.290.000 kr.



Volvo V60 Plug-In Hybrid. Árgerð 2016, ekinn 46.000 km, sjálfskiptur. Glæsilegur 4WD station Volvo með leðursæti. Verð 3.790.000 kr.



Mitsubishi Outlander Invite Plug-in Hybrid. Árgerð 2019, glænýr bíll, sjálfskiptur. Fullkominn bíll fyrir íslenskar aðstæður á besta verðinu. 4.390.000 kr.

**Betri bílakaup ehf.**
**Ármúla 4, 108 Reykjavík**
**Sími: 511 2777**
**Netfang: sala@betribilakaup.is**
**www.betribilakaup.is**

BETRIBILASALAN.IS
- FRÍ skráning - Vantar bíla á skrá -



SKODA Octavia. Árgerð 2005, ekinn 133.000 km, bensín, beinskiptur 5 gírar. Ódýr og góður sparibaukur. Verð 490.000 kr. Rnr.120115.



LAND ROVER Defender. Árgerð 2006, ekinn 440.00 km, dísel, beinskiptur. EINN MEÐ ÖLLU, klár í fjöllin! Verð 3.690.000 kr. Rnr.150247.



HYUNDAI Santa Fe Premium . Árgerð 2015, ekinn 65.000 km, dísel, sjálfskiptur. Flottur kraftmikill lúxusbíll, hlaðinn búnaði. Verð 5.350.000 kr. Rnr.150237.



VOLVO XC90 T8 Hybrid. Árgerð 2016, ekinn 38.000 km, bensín/rafmagn. Besti lúxus jeppinn fyrir peninginn, komdu og prófaðu hann. Verð 7.990.000. Rnr.120120.

**Betri bílasalan**
**Ármúla 4, 108 Reykjavík**
**Sími: 571 7166**
**Netfang: sala@betribilasalan.is**
**www.betribilasalan.is**


## Bílar óskast


**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**


## Mótorhjól


Jólatilboð



**BENSÍNSVESPA**
Ekkert próf! Engin skráning!
**Kr. 205.000,-**
~~Kr. 229.900,-~~
NITRO
Nitró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

**Þú finnur draumastarfið á**
**Job.is**



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta



Kennsla



Veitingastaðir

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
Job.is


Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030**
**Miðsvæði M2c-M2g. Múlar-Suðurlandsbraut**
**Krafa um gerð deiliskipulags við breytingu húsnæðis á svæði M2e**

Skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur samþykkti þann 3. október 2018 að kynna drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi breytta skilgreiningu miðsvæðis M2e (sjá ***adalskipulag.is***). Drög að breytingartillögu voru í framhaldinu send til skilgreindra hagsmunaaðila.

Tillagan nær einkum til atvinnusvæða í Síðumúla og Ármúla að sunnanverðu og markast svæðið af Grensásvegi til austurs. Markmið breytingar er að auka sveigjanleika þess að breyta atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði, þar sem aðstæður leyfa, án þess að ráðast þurfi í gerð deiliskipulags.

Drög að breytingartillögu hafa verið aðgengileg á adalskipulag.is undanfarnar vikur. **Fimmtudaginn 6. desember verður verkefnisstjóri til svara um tillöguna, milli kl. 15.00-16.00 í þjónustuverinu að Borgartúni 12-14.**

Áformað er að samþykkja tillöguna í lögformlega kynningu með 6 vikna athugasemdafresti á næstunni. Þeir sem óska frekari upplýsinga um málið geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Ábendingum og athugasemdum við drögin má koma á framfæri á netfangið ***skipulag@reykjavik.is***.

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

**Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is**

# SKIPULAGSBREYTING

Auglýsing vegna skilmálabreytinga deiliskipulags Skarðshlíðar 2. áfanga er endurtekin með lagfærðri dagsetningu.

**Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 26. júní 2018 breytingar, skv. I. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, á skilmálum deiliskipulags Skarðshlíðar 2. áfanga.**

Breytingar skilmálanna snúa að gólfkóta einbýlishúss við Hádegisskarð 11 og parhúsa við Hádegisskarð nr. 3-5, 7-9 og 13-15. Vikmörk frá uppgefnum hæðarkóta er tilgreindur í kafla 4.2. Gerð er breyting á töflu í kafla 4.3, bætt er við heimild til að nýta hæðarmun í landi í kafla 4.9 og í kafla 5.1. er bætt inn ákvæði er snertir þakrennur. Breytt lega göngubrautar við Hádegisskarð. Að öðru leiti haldast skilmálar óbreyttir.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu að Norðurhellu 2, frá 26.11.2018 – 07.01.2019. Hægt er að skoða breytingatillöguna á vef Hafnarfjarðarbæjar **www.hafnarfjordur.is**. Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 7. janúar 2019.

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
STRANDGÖTU 6

**ÞJÓNUSTUVER**
OPIÐ FRÁ KL. 8.00 – 16.00
ALLA VIRKA DAGA

**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

# Þjónusta

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAR.**
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 / loggildurmalari@gmail.com



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 9 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góða þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

# Keypt & Selt

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna óskast

**STARFSMENN**
til fjölbreyttra starfa um lengri eða skemmri tíma

**PROVENTUS**
Starfsmannaþjónusta
**551 5000**
proventus@proventus.is
Ármúla 15, 108 Reykjavík
www.proventus.is

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á
Barnaheill Save the Children á Íslandi


# Grátandi gluggar?

**Þurrkaðu loftið og dragðu úr rakaþéttingu**



Þurrktæki Tilboð frá kr 39.990

Þurrt loft dregur úr líkum á myglusvepp.

**Þurrkpokar**
Haltu faratækinu þurru
-Bílaleigubílar
-Sölubílar
-Ferðahýsi



TILBOÐ

**Kælar - frystar**
Allar stærðir - með eða án vélakerfa



**Hljóðlátir**
Blásarar
100 mm



**Hitablásari**



Tilboð frá kr 89.990

**Þakblásarar**
Mikið úrval af stærðum og gerðum.



**Hitavír**
Í þakrennur eða vatnslagnir
Selt í lausu eða í kittum.



Verð frá kr 1.450

íshúsið 1983 - 2013 30 ára reynsla viftur.is -andaðu léttar
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Ef þú ert með rétta starfið – erum við með réttu manneskjuna**

Capacent_
capacent.is

# KAUPTU NÝJAN OPEL
## OG FÁÐU RISAJÓLAGLAÐNING Í KAUPAUKA

Risakaupauki fylgir **öllum nýjum Opel-bílum** út desember

**520.000 kr.**
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 200.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 120.000 kr.

Kynntu þér **Opel Crossland X**
betur á **crossland.opel.is**




EURO NCAP

**Opel Crossland X**
er öruggasti bíllinn árið 2017
í sínum flokki, samkvæmt
EURO NCAP.

## Opel Crossland X

Verð frá 3.190.000 kr.

Tilboðsverð með afslætti
frá **2.990.000 kr.**

**650.000 kr.**
Risakaupauki fylgir
Gjafabréf 300.000 kr. – Afsláttur 200.000 kr.
Toyo vetrardekk að verðmæti 150.000 kr.

Kynntu þér **Opel Grandland X**
betur á **grandland.opel.is**




## Opel Grandland X

Verð frá 4.190.000 kr.

Tilboðsverð með afslætti
frá **3.990.000 kr.**

5 ára ábyrgð
Þýsk gæði
Þýsk hönnun
Þýsk hagkvæmni

THE FUTURE IS EVERYONE'S

Birt með fyrirvara um mynda- og textabrengl.

Pipar\TBWA \ SÍA

**Komdu við hjá okkur í nýjum sýningarsal Opel að Krókhálsi 9.**

**Sýningarsalir**
**Krókháls 9**, Reykjavík, 590 2000
**Njarðarbraut 9**, Reykjanesbæ, 420 3330

**Opnunartímar**
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16

Bílabúð Benna

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Breytileg átt 3-8 m/s og snjókoma eða él fyrir hádegi en yfirleitt úrkomulítið síðdegis. Frost 2 til 18 stig, kaldast NA til, en mildast við SV- og S-ströndina.










### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | | 2 | | 5 | | 3 |
| | 2 | | 7 | 3 | | | | |
| | | 9 | | | 5 | | | |
| | | 7 | | | | | | |
| 9 | | | | | 3 | 4 | 1 | |
| 5 | | | 1 | 9 | | 6 | 8 | |
| | 5 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| 7 | | | 6 | | | 8 | | 2 |
| | | 8 | | 5 | | 1 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | | 2 | 1 | | | 3 |
| 8 | | | | 9 | | 7 | | 2 |
| | | 5 | | | 4 | 6 | | |
| 5 | | | 3 | | 9 | | | 1 |
| | 6 | | 4 | | | 3 | 7 | |
| 2 | | | | | | | 4 | |
| 3 | | | 9 | | 8 | 1 | | |
| | 7 | 8 | 1 | | | | | |
| 6 | | | | 7 | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | | | 5 | 9 | | | |
| | | | 1 | | 3 | | | |
| | | 5 | 6 | | | | | 7 |
| | | 2 | | | 6 | | 1 | |
| 1 | | 9 | | 2 | | | 7 | |
| | | | | | 1 | 8 | | |
| 2 | 9 | | 8 | | | | 3 | |
| | 6 | 8 | | | | | 5 | |
| | | 1 | 9 | | 4 | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 9 | 3 | 6 | 5 | 7 |
| 5 | 3 | 8 | 6 | 1 | 7 | 4 | 2 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 2 | 4 | 5 | 8 | 1 | 3 |
| 7 | 8 | 4 | 5 | 6 | 9 | 1 | 3 | 2 |
| 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 8 |
| 2 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 |
| 4 | 1 | 7 | 3 | 2 | 6 | 9 | 8 | 5 |
| 8 | 2 | 6 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 |
| 9 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 5 | 4 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 8 | 1 | 9 | 6 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 4 | 5 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 4 |
| 4 | 6 | 1 | 7 | 3 | 9 | 5 | 2 | 8 |
| 3 | 5 | 2 | 8 | 4 | 1 | 6 | 7 | 9 |
| 5 | 1 | 3 | 9 | 6 | 4 | 7 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 6 | 1 |
| 8 | 4 | 6 | 2 | 1 | 7 | 9 | 5 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 5 | 8 | 2 | 6 | 4 | 1 |
| 2 | 6 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 3 | 8 |
| 8 | 1 | 5 | 3 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 4 | 2 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 8 | 3 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 |
| 7 | 3 | 6 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 7 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 4 | 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. máttur
5. sóða
6. tveir eins
8. tæki
10. tveir eins
11. ágæt
12. eining
13. aðskilja
15. merking
17. mýking

**LÓÐRÉTT**
1. eflast
2. gas
3. op
4. blóm
7. vitnisburður
9. kvöld
12. skurður
14. blekking
16. tveir eins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | 16 | | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. megin, 5. ata, 6. ee, 8. gatari, 10. nn, 11. fin, 12. stak, 13. stía, 15. táknun, 17. línun.
**LÓÐRÉTT:** 1. magnast, 2. etan, 3. gat, 4. nería, 7. einkunn, 9. aftann, 12. síki, 14. tál, 16. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Guðmundur Kjartansson (2.423) átti leik gegn Joao Manuel Dos San (2.096) á alþjóðlegu móti á Mæjorka.

**23. Rxc6! Bxc6 24. Dxe6+ Kh8 25. Dxc6 Dxc6 26. Bxc6 Rxb4 27. Ba4 bxc5 28. dxc5 Hxd1 29. Hxd1Rxa2 30. Bd7!** og hvítur vann nokkru síðar. Guðmundur vann mótið ásamt félaga sínum Helga Áss Grétarssyni.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir

**Hvítur á leik**






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# TIL HAMINGJU, FRÍÐA!






Tilnefnd til Fjöruverðlaunanna




*„ein af stjörnum bókavertíðarinnar“*

*„maður tengdi alveg fullkomlega við allar sögurnar“*

— KILJAN

FLEIRI BÆKUR Í JÓLAPAKKANN










# María, meyjan skæra

TÓNLIST

★★★½☆

**Kórtónleikar**

**Jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju – Verk úr ýmsum áttum**
**Stjórnandi:** Hörður Áskelsson
**Einleikari:** Auður Hafsteinsdóttir
**Orgelleikari:** Björn Steinar Sólbergsson.

**Hallgrímskirkja**
Sunnudaginn 2. desember



**Söngur kórsins var dásamlegur og gaman var að syngja með honum í lokin.**

„Önd mín miklar Drottin, og andi minn gleðst í Guði, frelsara mínum.“ Á þessum orðum hefst lofsöngur Maríu. Hún kveður hann í Lúkasarguðspjalli, skömmu eftir að Gabríel erkiengill hefur vitjað hennar. Líkast til er þetta elsti Maríusálmurinn og hefur hann verið tónsettur ótal sinnum. Nú var komið að Sigurði Sævarssyni að spreyta sig á honum, og var afraksturinn fluttur á jólatónleikum Mótettukórsins í Hallgrímskirkju á sunnudaginn var.

Sigurður hefur fengist við tónsmíðar í a.m.k. 20 ár. Eftir hann er m.a. óperan Z ástarsaga sem frumflutt var 2001 og Hallgrímspassía frá 2007. Í samanburðinum var Magnificat, lofsöngur Maríu, talsvert smágerðari. Verkið bjó engu að síður yfir fegurð á sinn hátt. Hljómferlið var einfalt, tónlistin lá í grunnstöðu stóran hluta tímans. Fátt gerðist því hljómfræðilega séð. Laglínan samanstóð auk þess aðallega af síendurteknum hendingarbrotum. Útkoman var sú að tónlistin var aldrei beint spennandi; framvindan í henni var svo einföld. Hins vegar voru blæbrigðin í klíðkenndri raddsetningunni fagurlega ofin, hljóðheimurinn skapaði stemningu sem var áhrifamikil. Kórinn söng einkar fallega undir stjórn Harðar Áskelssonar. Mismunandi raddir voru hreinar og snyrtilega mótaðar, samhljómurinn tær og samsvaraði sér vel.

Annar Maríusálmur sem bar heitið María, meyjan skæra var fluttur á tónleikunum. Þetta er gamalt, íslenskt kvæði, háleitt og fullt af andakt. Tónlistin var eftir Hreiðar Inga Þorsteinsson. Andrúmsloftið var nokkuð dramatískara en hjá Sigurði. Áberandi var endurtekið laglínubrot krómatísks tónstiga, ekki ósvipað titillagi James Bond myndanna. Tónlistin var því mun myrkari en kvæðið, ólga var í henni sem rímaði ekki við orðin, og útkoman olli nokkrum vonbrigðum.

Þriðja forvitnilega tónsmíðin á efnisskránni var Serenity (O Magnum Mysterium) eftir Ola Gjeilo. Sveimkennd áferðin var prýðilega útfærð af kórnum. Það truflaði þó undirritaðan hve kaflar í tónlistinni minntu á kórinn í Hringadróttinssögu, fyrstu myndinni, eftir að föruneyti Hringsins sleppur út úr námunum í Moría. Auðvitað er eðlilegt að tónskáld verði fyrir áhrifum af kollegum, en þetta var fullmikið af því góða.

Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari var sólistinn á tónleikunum, og sónata í g-moll eftir Henry Eccles var glæsilega leikin af henni. Hröð tónahlaup voru akkúrat og túlkunin í heild gædd smitandi ákefð. Orgelleikur Björns Steinars Sólbergssonar var sömuleiðis nákvæmur. Eina sem hægt var að finna að varðandi hljóðfæraleikinn var í Slá þú hjartans hörpustrengi eftir Bach. Þar runnu raddir fiðlu og orgels illa saman; raddval orgelleikarans hentaði ekki hljómi fiðlunnar.

Yfirleitt voru þetta skemmtilegir tónleikar. Eins og áður segir var söngur kórsins dásamlegur, og gaman var að syngja með honum í lokin. Breidd var því í dagskránni sem var ánægjuleg, eitthvað var fyrir alla, þótt sumt hafi vissulega ekki virkað. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Athyglisverð dagskrá þar sem fjölbreytni ríkti og söngurinn var magnaður.

# Kjarnakona í krísu

LEIKHÚS

**Rejúníon**

★★★½☆

**Sóley Ómarsdóttir**

**Tjarnarbíó**

**Leikhópurinn Lakehouse**
**Leikstjóri:** Árni Kristjánsson
**Leikarar:** Sólveig Guðmundsdóttir, Sara Martí Guðmundsdóttir og Orri Huginn Ágústsson
**Leikmynd og búningar:** Fiona Rigel
**Tónlist og hljóðmynd:** Harpa Fönn Sigurjónsdóttir
**Vídeó:** Ingi Bekk
**Hreyfileikstjórn:** Vala Ómarsdóttir

Júlía er nýbökuð móðir sem eyðir svefnlausum nóttunum með ungbarninu sínu ásamt því að baka bollakökur, og deilir síðan öllum herlegheitunum á snjallsímaforritinu Snapchat. En ekki er allt sem sýnist, undir fegruðu yfirborðinu leynist bæði óhamingja og sársauki. Rejúníon er nýtt íslenskt leikrit eftir Sóleyju Ómarsdóttur en frumsýningin var síðastliðinn föstudag í Tjarnarbíói.

Fæðing leikritsins tók langan tíma en slíkt er eðlilegt fyrir höfund sem er að takast á við flókið frásagnarform í fyrsta sinn. Efnistökin eru ágæt og umfjöllunarefnið áhugavert þar sem feluleikur hinna svokölluðu ofurkvenna, þeirra sem virðast vera með allt á hreinu, er tekinn fyrir á tilfinninganæman hátt. En ekki gengur allt upp í verkinu; höfundur tekur of langan tíma til að setja sviðið, þræðir eru ekki hnýttir nægilega vel saman og hvörfin undir lokin eru óþarflega dramatísk. Hafa skal þó í huga að þetta eru fyrstu skref höfundar og lofa þau góðu ef Sóley heldur áfram að læra á leikritaformið.

En hvílíkur happafengur Sólveig Guðmundsdóttir er fyrir leikhópinn og höfundinn. Betri leikkonu í hlutverk Júlíu væri erfitt að finna. Síðustu misserin hefur hún verið á mikilli siglingu en hér gæðir hún ekki einungis textann lífi heldur setur sýninguna á annað plan. Nálgun hennar er næm, tilfinningalega rík og fjölbreytt. Júlía birtist ljóslifandi á sviðinu, hún er bæði mannleg og ósnert af tilgerð. Hér er á ferðinni leikkona sem ekki bara ber af, heldur virðist vera í stöðugum vexti.

Sólveigu til halds og trausts eru þau Sara Martí Guðmundsdóttir í hlutverki æskuvinkonu Júlíu og Orri Huginn Ágústsson í hlutverki barnsföður hennar. Persónurnar báðar birtast áhorfendum frekar sem hvatar fyrir tilfinningalega rússíbanareið Júlíu heldur en heildrænar manneskjur. Sara Martí finnur húmorinn í vandræðalegu þögnunum sem spretta upp á milli vinkvenna sem misst hafa sambandið og Orri Huginn vinnur fallega úr krefjandi verkefni, þá sérlega þegar dekkri hlið sjálfhverfu feðraveldisins birtist áhorfendum þegar líða tekur á sýninguna.

Á síðustu árum hefur Árni Kristjánsson verið að sækja í sig veðrið sem leikstjóri. Stíll hans einkennist af naumhyggju og hógværð, þar sem leikararnir og túlkun þeirra er sett í fyrsta sæti. Slík aðferðafræði er virðingarverð og hressandi en þó skortir skýrari fagurfræðilega sviðsetningu. Hér hefðu afgerandi leikmynd og búningar hjálpað til en hinn stíliseraði heimur Fionu Rigel virkar vel sem birtingarmynd þeirra einsleitu tískustrauma sem tröllríða íslenskum heimilum um þessar mundir – þó missir hann fljótlega kraft.

Um tónlistina og hljóðmyndina sér Harpa Fönn Sigurjónsdóttir. Í fyrri sýningu Lakehouse heppnaðist hennar verk afskaplega vel og studdi lipurlega við bæði senur og senuskipti. Hérna er sagan önnur því hljóðmyndin er bæði of fyrirferðarmikil og léttúðug tónlistin virðist vera samin fyrir aðra leiksýningu. Myndbandsvinna Inga Bekk gefur sýningunni skemmtilega dýpt, sömuleiðis lýsingin en því miður er enginn skráður fyrir þeirri hönnun, hvorki í leikskrá né á netinu.

Lakehouse er svo sannarlega leikhópur sem vert er að fylgjast áfram með sem og leikskáldið Sóley Ómarsdóttir. Þrátt fyrir nokkra vankanta er Rejúníon eftirtektarverð sýning um gríðarlega mikilvægt málefni, þá sérstaklega út af frábærum leik aðalleikkonunnar.
**Sigríður Jónsdóttir**



**„Eftirtektarverð sýning um gríðarlega mikilvægt málefni.“** MYND/J. ROWLAND

**NIÐURSTAÐA:** Frammistaða Sólveigar Guðmundsdóttur er algjörlega miðakaupanna virði.

# 5. DESEMBER 2018

# JÓLAHÁTÍÐ

## FATLAÐRA

**Miðvikudaginn 5. des. verður Jólahátíð fatlaðra haldin í 36. sinn á Hilton Reykjavik Nordica kl. 19:30**

Hljómsveitin Toppmenn sér um undirleik.
Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts undir stjórn
Snorra Heimissonar leikur létt lög frá 18:45

Jóhannes Guðjónsson píanóleikari leikur í anddyri

**HÚSIÐ VERÐUR OPNAÐ KLUKKAN 18:30 OG DAGSKRÁ LÝKUR UM KLUKKAN 21:30**


Jógvan


Laddi


Sveppi


Steindi


Ingó Veðurguð


Dagur Sigurðsson


Heiða Ólafs


Hreimur


Geir Ólafs


Eyjólfur Kristjánsson


Jói P & Króli


MC Gauti


María Ólafsdóttir


Rósa, Sigurjón og Hrabbý


Birgitta Haukdal


Páll Óskar


Sigmundur Ernir


Dagur B. Eggertsson

Kynnar: Sigmundur Ernir og Með okkar augum
Hljóðstjórn: Jón Skuggi  Sviðsstjóri: Friðgeir Bergsteinsson
Heiðursgestur: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
Pantið tímanlega hjá Ferðaþjónustu fatlaðra

Að venju eru aðstandendur hvattir til að mæta með sínu fólki

GRÆNN MARKAÐUR · KEX · Coca-Cola · NÓI SÍRÍUS · HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS · Hilton Reykjavik Nordica · VOX RESTAURANT · prentun.is

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

**4. DESEMBER 2018**

## Tónlist

**Hvað?** Páll Pampichler Pálsson – 90 ára stórafmælistónleikar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Harpa
Lúðrasveit Reykjavíkur heldur stórtónleika til heiðurs Páli Pampichler Pálssyni, sem varð níræður fyrr á þessu ári, í Kaldalóni í Hörpu þriðjudagskvöldið 4. desember kl. 20.00. Á tónleikunum verða eingöngu flutt tónverk og útsetningar eftir Pál Pampichler. Árið 1945 var Paul Pampichler, þá 17 ára gamall, ráðinn uppfærslumaður í trompetdeild óperuhljómsveitarinnar í Graz í Austurríki. Þar starfaði hann til ársins 1949 er hann var ráðinn til Íslands sem stjórnandi Lúðrasveitar Reykjavíkur og 1. trompetleikari í Útvarpshljómsveitinni. Þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð árið eftir, var Páll ráðinn í sömu stöðu. Páll starfaði sem trompetleikari í S.Í. til ársins 1960 en stjórnabassa og Lúðrasveitar Reykjavíkur var hann til ársins 1973 eða samfleytt í 24 ár.



Dísella Lárusdóttir söngkona syngur á hádegistónleikum í Hafnarborg ásamt Antoniu Hevesi píanóleikara.

**Hvað?** Standard kvartett á Kexi
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Á djasskvöldi Kex hostels í kvöld, þriðjudagskvöldið 4. desember, kemur fram hljómsveitin Standard kvartett. Sigurður Flosason leikur á saxófón, Kjartan Valdemarsson á píanó, Leifur Gunnarsson á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Þeir munu flytja eigin útgáfur af þekktum djasslögum frá ýmsum tímum. Tónlistin hefst kl. 20.30 og er aðgangur ókeypis. Kex hostel er á Skúlagötu 28.

**Hvað?** Hádegistónleikar í Hafnarborg – Dísella Lárusdóttir
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hafnarborg
Í dag kemur sópransöngkonan Dísella Lárusdóttir fram á hádegistónleikum í Hafnarborg ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara. Aðventan er nú gengin í garð og að venju mun andi jólanna svífa yfir vötnum á desembertónleikum Hafnarborgar sem jafnframt eru síðustu hádegistónleikar þessa árs. Yfirskrift tónleikanna er Maríur og fleiri en þær stöllur munu flytja hinar ýmsu Ave Maríur fyrir tónleikagesti og aríuna Quan do men vo úr óperunni La Bohème sem gerist jú einmitt um jól.

**Hvað?** Aðventutónleikar Kvennakórs Garðabæjar
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Digraneskirkja
Hátíðleiki aðventu og jóla er ætíð hafður í öndvegi á aðventutónleikum Kvennakórs Garðabæjar. Á efnisskrá kórsins má finna íslensk og erlend jólalög og sígildar jólaperlur, lög sem allir tengja við undirbúning jólanna s.s. Yfir fannhvíta jörð, Þá nýfæddur Jesús og Jólin alls staðar. Af minna þekktum verkum má nefna Cradle Hymn, undurfagra tónsmíð, eftir norska tónskáldið Kim André Arnesen og Hail, Christmas Day eftir kanadíska tónskáldið Abbie Betinis. Stjórnandi og stofnandi Kvennakórs Garðabæjar er Ingibjörg Guðjónsdóttir og píanóleikari er Sólveig Anna Jónsdóttir.

**Hvað?** Upphaf aðventu í rólegheitum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tónlistarskóli Hafnarfjarðar
Aðventu- og jólatónleikar Kammerkórs Hafnarfjarðar verða haldnir í Hásölum, sal Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, þriðjudaginn 4. desember og miðvikudaginn 5. desember kl. 20.00.

**Hvað?** Jólatónleikar Mótettukórsins
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hallgrímskirkja
Mótettukór Hallgrímskirkju hefur um árabil glatt Íslendinga á jólum og skipa jólatónleikar kórsins veglegan sess í tónleikahaldi Reykjavíkur á aðventunni.

## Viðburðir

**Hvað?** Fyrirlestur – Þjálfun eftir fæðingu
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Sportvörur, Bæjarlind
Þér er boðið á fyrirlestur um þjálfun eftir fæðingu þann 4. desember kl. 19.30-21 í Sportvörum (Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur).

**Hvað?** Bókakvöld Kaffi Laugalæk
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kaffi Laugalækur, Laugarnesvegi
Á bókakvöldunum kemur fram úrval rithöfunda sem lesa úr nýútgefnum bókum sínum. Höfundar koma frá Bókabeitunni, Bjarti-Veröld og Benedikt bókaútgáfu. Í kvöld verða það Sigga Dögg, Auður Ava Ólafsdóttir, Ragnar Jónasson, Ármann Jakobsson, Sigríður Hagalín Björnsdóttir og Sigursteinn Másson sem lesa.

**Hvað?** Geggjaðar bækur!
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Landssamtökin Geðhjálp, Borgartúni
Ágúst Kristján Steinarsson les upp úr bók sinni Riddarar hringavitleysunnar. Thelma Ásdísardóttir les upp úr bók sinni Mikami. Kristinn Rúnar Kristinsson les upp úr bók sinni Maníuraunir. Dagný Maggý les upp úr bók sinni Myndin af mömmu. Sigursteinn Másson les upp úr bók sinni Geðveikt með köflum.

**Hvað?** Minnistækni og úrvinnsla tilfinninga
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** ReykjavíkurAkademían, Þórunnartúni
Dr. Unnur Guðrún Óttarsdóttir, kennari og listmeðferðarfræðingur, flytur fyrirlesturinn „Unnið úr tilfinningum og námsefni lagt á minnið með minnisteikningum“ í ReykjavíkurAkademíunni. Tilefnið er niðurstöður minnisteiknirannsóknar sem birtar voru nýlega í tímaritinu Art Therapy OnLine (ATOL).



**Sigursteinn Másson les upp ásamt öðrum höfundum í Geðhjálp.**

**Hvað?** Að nota Evrópska tungumálarammann í kennslu
**Hvenær?** 16.15
**Hvar?** Veröld – Hús Vigdísar
Í upphafi 21. aldar var Evrópski tungumálaramminn kynntur til sögunnar til að staðla lýsingu á tungumálakunnáttu innan og á milli tungumála. Nú er svo komið að varla finnst það námsefni, námskeið eða próf, sem ekki er tengt við stig Evrópska tungumálarammans (A1, A2, B1...). Því er þó ekki svo farið að það sé alltaf sama kunnátta sem farið er fram á fyrir eitt og sama stigið, þrátt fyrir alla þessa meintu stöðlun. Í kynningunni verður fjallað um notkun Evrópska tungumálarammans í íslensku sem öðru máli, með samanburði við ensku, spænsku og frönsku. Einkum verður fjallað um málfræði en einnig aðra færniþætti og hvernig nauðsynlegt er að halda jafnvægi þeirra á milli.







• VERÐLAUNATILNEFNINGAR •

# TIL HAMINGJU!

## BÓKASAFN FÖÐUR MÍNS EFTIR RAGNAR HELGA ÓLAFSSON







## LIFANDILÍFSLÆKUR EFTIR BERGSVEIN BIRGISSON

## ÁSTIN TEXAS EFTIR GUÐRÚNU EVU MÍNERVUDÓTTUR




BJARTUR-VEROLD.IS

BJARTUR

**ÞRIÐJUDAGUR Á RÚV**




**RÚV kl 20:35**

Fjallað verður um plast, efnið sem við getum ekki verið án en vildum stundum óska að væri ekki til.



Þú finnur Kveik og þína uppáhalds þætti í spilara RÚV.



RÚV okkar allra




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV:** Útsvar 2010-2011
**14.00 Sætt og gott**
**14.30 Úr Gullkistu RÚV:** Með okkar augum
**15.00 Fjársjóður framtíðar**
**15.30 Íþróttafólkið okkar**
**16.05 Annar heimur**
**16.30 Menningin – samantekt**
**17.00 Íslendingar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Jóladagatalið: Hvar er Völundur?** Þeir Felix og Gunni þurfa að leita að smiðnum Völundi en hann er sá sem smíðar jólagjafirnar.
**18.06 Ofurmennaáskorunin** Sjónvarpsmaðurinn Tim Fitzhigham hittir fólk með hæfileika sem teljast varla mennskir og skorar á það í þrautir á heimavelli þess.
**18.33 Hönnunarstirnin** Stílistarnir Nico og Andrés leita að nýrri hönnunarstjörnu og leggja skemmtileg verkefni fyrir fjóra nýja keppendur.
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, Sævar Helgi Bragason og Jóhannes Ólafsson.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.05 Annar heimur** Danskt jóladagatal fyrir alla fjölskylduna um tvíburasysturnar Önnu og Söru sem stíga óvænt inn í töfraheim sem byggður er á ævintýrum Grimms-bræðra.
**20.35 Kveikur.**
**21.10 Tíundi áratugurinn** Heimildarþættir um tíunda áratuginn í Bandaríkjunum. Fjallað er um atburði og einstaklinga sem settu mark á áratuginn.



Tíundi áratugurinn.

**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Týnda vitnið** Bresk glæpaþáttaröð um Nancy Devlin sem er í rannsóknarlögreglunni og er dregin inn í morðrannsókn á eiturlyfjasala. En það sem engin í kringum hana veit er að hún er týnda vitnið sem bæði lögreglan og morðinginn eru að leita að. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Gæfusmiður** Breskir þættir um rannsóknarlögreglumanninn og spilafíkilinn Harry Clayton sem kemst yfir fornt armband sem veitir honum yfirnáttúrulega gæfu. Gæfunni fylgir þó gjald. Höfundar: Neil Biswas og Stan Lee. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna. e.
**23.55 Kastljós**
**00.10 Menningin**
**00.20 Dagskrárlok**

## HRINGBRAUT

**20.00 Eldhugar: Sería 2**
**20.30 Lífið er lag**
**21.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi**
**22.00 Eldhugar: Sería 2**
**22.30 Lífið er lag**
**23.00 21 - Fréttaþáttur á þriðjudegi**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**09.30 The Late Late Show with James Corden**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Ghosted**
**14.15 The Good Place**
**14.40 Survivor**
**15.25 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby**
**16.25 Everybody Loves Raymond**
**16.45 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**19.00 The Late Late Show with James Corden**
**19.45 Black-ish**
**20.05 Amazing Hotels: Life Beyond the Lobby**
**21.00 FBI**
**21.50 Code Black**
**22.35 The Chi**
**23.25 The Tonight Show Starring Jimmy Fallon**
**00.45 CSI: Miami**
**01.30 The Assassination of Gianni Versace**
**02.15 The Assassination of Gianni Versace**
**03.05 Bull**
**03.50 Elementary**
**04.35 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins 06.50 Morgunvaktin Viðbrögð Alþingis við hatursorðræðu þingmanna 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Segðu mér 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Flugur Nýlegar hljóðritanir 11.00 Fréttir 11.03 Mannlegi þátturinn Óhóf, Háskólinn á Bifröst og Þórdís Lóa lesandi vikunnar 12.00 Fréttir 12.02 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.40 Veðurfregnir 12.50 Dánarfregnir 12.55 Samfélagið 14.00 Fréttir 14.03 Til allra átta Smá rúntur um kringluna 15.00 Fréttir 15.03 Tármelti og klausturkjöt 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Hátalarinn Fullveldistónlist 17.00 Fréttir 17.03 Lestin 18.00 Spegillinn 30. nóv. 2018 18.30 Útvarp Krakka RÚV Krakkafréttir vikunnar 18.50 Veðurfregnir 18.53 Dánarfregnir 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.35 Mannlegi þátturinn Óhóf, Háskólinn á Bifröst og Þórdís Lóa lesandi vikunnar 21.35 Góði dátinn Svejk 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregnir 22.10 Samfélagið 23.05 Lestin 00.00 Fréttir 00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.50 A Quiet Passion**
**11.55 The Edge of Seventeen**
**13.40 Snowden**
**15.55 A Quiet Passion**
**18.00 The Edge of Seventeen**
**19.45 Snowden**
**22.00 Morgan**
**23.35 Burnt**
**01.15 Pasolini**
**02.40 Morgan**

## STÖÐ 2

**07.00 Simpson-fjölskyldan**
**07.20 Lína Langsokkur**
**07.45 Friends**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.40 The New Girl**
**10.00 10 Puppies and Us**
**11.00 Lóa Pind: Snapparar**
**11.35 Einfalt með Evu**
**12.00 Um land allt**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance 15**
**13.45 So You Think You Can Dance 15**
**14.30 So You Think You Can Dance 15**
**15.10 The Truth About Your Medicine**
**16.10 Friends**
**16.35 Baby Daddy**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.25 Fréttayfirlit og veður**
**19.30 Dýraspítalinn**
**20.05 The Goldbergs**
**20.25 Modern Family**
**20.55 Robin Williams: Come Inside My Mind**
**22.50 Outlander**
**23.45 The Good Doctor**
**01.00 Wentworth**
**01.50 NCIS**
**02.30 The X-Files**
**03.15 Black Widows**
**03.55 Black Widows**
**04.40 Black Widows**
**05.25 Friends**

## STÖÐ 3

**19.10 Baby Daddy**
**19.35 Schitt's Creek**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 One Born Every Minute UK**
**21.40 Flash**
**22.25 Westworld**
**23.25 It's Always Sunny in Philadelphia**
**23.50 American Horror Story 8: Apocalypse**
**01.00 Baby Daddy**
**01.25 Seinfeld**
**01.50 Friends**
**02.15 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**09.40 AC Milan - Parma**
**11.20 Fiorentina - Juventus**
**13.00 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2018/2019**
**13.25 Chelsea - Fulham**
**15.05 Arsenal - Tottenham**
**16.45 Liverpool - Everton**
**18.25 Premier League Review 18/19**
**19.20 Ítölsku mörkin 2018/2019**
**19.50 Watford - Manchester City**
**22.00 West Ham - Cardiff**
**23.40 Brighton - Crystal Palace**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Premier League Review 18/19**
**07.55 Man. City - Bournemouth**
**09.35 Southampton - Man. United**
**11.15 Real Madrid - Valencia**
**12.55 Spænsku mörkin 18/19**
**13.25 Levante - Athletic Bilbao**
**15.05 WBA - Brentford**
**16.45 Football League Show 18/19**
**17.15 Atalanta - Napoli**
**18.55 Ítölsku mörkin 2018/2019**
**19.25 Valur - Haukar**
**20.55 Seinni bylgjan**
**22.25 NBA Special: Clutch City**
**23.40 Bournem. - Huddersf.**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Vinsælustu bækurnar í dag í verslunum BÓNUS

1. **Stúlkan hjá brúnni**
   Arnaldur Indriðason
2. **Útkall - Þrekvirki í Djúpinu**
   Óttar Sveinsson
3. **Brúðan**
   Yrsa Sigurðardóttir
4. **Hornauga**
   Ásdís Halla Bragadóttir
5. **Siggi sítróna**
   Gunnar Helgason
6. **Þitt eigið tímaferðalag**
   Ævar Þór Benediktsson
7. **Þorpið**
   Ragnar Jónasson
8. **Lára fer til læknis**
   Birgitta Haukdal
9. **Beint í ofninn**
   Nanna Rögnvaldsdóttir
10. **Orri óstöðvandi**
    Bjarni Fritzson




## BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00 – Verð gildir til og með **9. desember** eða meðan birgðir endast.

# Tískan í tukthúsinu


Þegar sakborningar mættu til dómsalar í gær í svokölluðu Bitcoin-máli var einn þeirra með um 700 dollara Louis Vuitton-trefil fyrir vitunum, sem gerir um 82 þúsund íslenskar nýkrónur.


Ástþór Magnússon dulbjó sig eitt sinn með tómatsósu. Faldi sig lítið þannig.

Brotamenn og -konur hafa þann sið að draga klúta eða trefla yfir vit sín þegar gengið er inn í héraðsdóm. Flestir eru með ódýrar flíkur en nú hefur leikurinn breyst. Einn hinna grunuðu í Bitcoin-málinu svokallaða mætti í Héraðsdóm Reykjaness með Louis Vuitton-klút. Fréttablaðið tók saman myndir af nokkrum sem reyndu að dyljast.


Gamli góði tóbaksklúturinn hefur falið ógurlega marga glæpamenn. Alveg frá dögum villta vestursins.


Stundum er einfaldleikinn bestur. Hér er einn bara í lopapeysu. Íslenskt, já takk.


Hettan hefur oft bjargað mörgum glæpamanninum sem vill ekki þekkjast.


Stúlkur hafa verið að vinna með sjöl og hettur frá örófi alda.


Það er pínu skrýtið að velja sér skærgrænt teppi til að felast.


Kuldahúfa með loðkanti getur dugað vel í réttarsal sem og í frostinu sem nú bítur.


Hér er einn sem fer alla leið við að fela sig fyrir ljósmyndurum. Hettan dregin yfir einhvers konar gullgrímu.



# SAMSUNG

## SAMSUNG QLED TV

### Q picture

**Litur**
Sýnir alla liti 100%

**Contrast**
Mikil nákvæmni í björtu sem dimmu

**HDR 1500/2000**
Sýnir nákvæmlega rétta liti

**Sjónarhorn**
Öll sætin eru bestu sætin

### Q style

**Ósýnilegar tengingar**
Hannaðu umhverfið að vild

**Engin skil**
Fellur alveg að veggnum

**Takmarkalaus 360° hönnun**
Hvert smáatriði er þaulhugsað

### Q smart

**Ein fjarstýring**
Afruglari, Netflix og Youtube
Allt í einni fjarstýringu

**Smart view**
Stjórnaðu sjónvarpinu frá símanum

**Smart Content**
Fjölbreytt úrval efnisveita




Samsung QE75Q7F

**55" 269.900,-**

**65" 349.900,-**

**75" 649.900,-**

4K ULTRA HD CONNECTED · ULTRA HD PREMIUM · ULTRA HD · VDE

# Þegar þú velur Samsung sjónvarp, velur þú tækni og gæði til framtíðar

## SAMSUNG NU6025




UHD 4K - PQI 1300 - Smart TV

**43" 99.900,-**

**50" 109.900,-**

**55" 129.900,-**

**65" 189.900,-**

## SAMSUNG NU7445




UHD 4K - PQI 1800 - Smart TV

**50" 149.900,-**

**55" 169.900,-**

**65" 259.900,-**

## SAMSUNG NU8045




Premium UHD 4K - Smart TV - PQI 2600
HDR 1000 - 10 bita skjár

**49" 189.900,-**

**55" 219.900,-**

**65" 309.900,-**

**75" 429.900,-**

Samsung myndvinnsla byggir á örgjörvanum. 1.3 GHz **Quad Core** örgjörvinn gerir Samsung SMART TV þrisvar sinnum hraðari en venjulegt sjónvarpstæki og gerir þér kleift að mæta flóknari vinnslu, hraðari vef og fljótari ræsingu. Er **Quad Core** í þínu tæki?

# SAMSUNG
## SETRIÐ

ORMSSON

**LÁGMÚLA 8 - 530 2800**

**Opnunartímar:**
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson



Freyja Eilíf skellti sér í Englaborgina með þremur listakonum sem hafa verið að sýna í Ekkisens. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ekkisens sýnir í Los Angeles

Þær **Freyja Eilíf, Katrína Mogensen**, **Sara Björg** og **Kristín Morthens** sýndu á vegum Ekkisens, gallerísins litla í Bergstaðastrætinu, í stjörnuborginni Los Angeles. Sýningin fékk góðar viðtökur og dóma.

Sýningin Synthetic Shorelines hefur verið í gangi í Los Angeles núna í mánuð en þar sýna íslenskar listakonur í samfloti með fjórum amerískum kollegum sínum. Um er að ræða samstarf á milli gallerísins Ekkisens og listakollektífsins og gallerísins Durden&Ray, sem er í Los Angeles. Þær Katrína Mogensen, Freyja Eilíf Logadóttir, Kristín Morthens og Sara Björg hafa fengið frábæra umfjöllun á meðan á dvölinni stóð og sýningin var valin ein sú áhugaverðasta í opnunarvikunni.

„Synthetic Shorelines er samsýning sem er unnin í samstarfi Ekkisens við Durden and Ray, kollektíf listamanna og sýningarstjóra í Los Angeles. Bæði Ekkisens og Durden&Ray voru á listmessu í Svíþjóð þar sem hugmyndir um samstarf kviknuðu. Sýningarstjórn annaðist ég en ég er eigandi Ekkisens og íslenskir sýnendur eru myndlistarmenn sem hafa tekið þátt í sýningum Ekkisens síðastliðin fjögur ár,“ segir Freyja Elíf sem hefur rekið listarýmið Ekkisens í fjögur ár, en það fagnaði afmælinu í október síðastliðnum.

„Titil sýningarinnar mætti þýða yfir á íslensku sem gervistrandlínur en í sýningarskrá eru þær útskýrðar sem lifandi landamæri frumefna, áferðar og formgerða sem mætast í nýstárlegum hugmyndum. Á sýningunni erum við að rannsaka strandlínur sálarinnar og sjálfsins á nýmiðlaöld. Báðir hóparnir eru nefnilega frá borgum sem liggja að úthafi.“

Sýningin hefur vakið jákvæða athygli í Los Angeles og var eins og áður sagði útnefnd sem ein af 10 áhugaverðustu sýningaropnunum borgarinnar vikuna sem hún var opnuð.

„Það var rosalega góð mæting á opnunina, í sömu byggingu voru þrjú önnur gallerí með uppákomur sama kvöld. Fólk gat flakkað á milli og það myndaðist mikil stemming í Bendex-byggingunni. Síðan þá hefur sýningin verið ýtarlega rýnd af Genie Davis rithöfundi á vefmiðlinum Riot Material sem lofar hvert verkið af öðru.“

Þrátt fyrir að listafólkið hafi verið með sama þemað í verkum sínum voru verkin að sögn Freyju gífurlega ólík innbyrðis.

„Við erum með skemmtilega ólík verk á sýningunni sem tengjast þó hvert öðru gegnum gervistrandlínur. Við innkomu í sýningarrýmið blasir við innsetning Katrínu Mogensen „Potential for life“, innsetning þar sem m.a. er að finna drullupoll frá Los Angeles sem hún reynir að temja og festa í form.

Ég sýni tvö verk á sýningunni, annars vegar innsetningu þar sem gestum býðst leidd hugleiðsla og tenging við tölvuanda sem vísar veginn inn í stafrænar víddir og kertavaxmyndir af eiturölvuðum andlitsslettum.

Sara Björg sýnir hóp skúlptúra sem gerðir eru úr endurnýttum svampi. Skúlptúrarnir eru fimm, eru dreifðir um rýmið og heita allir „Ionian“ sem vísar í jónískar súlur. Listamaðurinn leikur sér með andstæður í sveigjanleika efnisins og stöðugleika forngrískra strúktúra.

Kristín Morthens sýnir þrjú málverk sem túlka innvortis rými, bæði líkamleg og tilfinningaleg.“

Það verður spennandi að sjá hvar í heiminum Ekkisens dúkkar upp næst. **stefanthor@frettabladid.is**



Listakonurnar í Joshua Tree-þjóðgarðinum.



Myndir eftir Freyju.



Sara Björg vinnur með jónískar súlur úr svampi.

**ÞAÐ VAR ROSALEGA GÓÐ MÆTING Á OPNUNINNI, Í SÖMU BYGGINGU VORU ÞRJÚ ÖNNUR GALLERÍ MEÐ UPPÁKOMUR SAMA KVÖLD. FÓLK GAT FLAKKAÐ Á MILLI OG ÞAÐ MYNDAÐIST MIKIL STEMMING Í BENDEX BYGGINGUNNI**

SETUSTOFAN



Syrusson skrifstofuvörur
Síðumúla 33 | Sími: 588-4555 | www.syrusson.is | syrusson@syrusson.is

SUNSTAR G·U·M HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.®
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum



ARTASAN
www.artasan.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jóhanna Helga Viðardóttir johannahelga@frettabladid.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Gústaf Bjarnason gustaf@frettabladid.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Valdimar Birgisson valdimar@frettabladid.is Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is. FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir elin@frettabladid.is og Ragnheiður Tryggvadóttir heida@frettabladid.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@frettabladid.is, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@frettabladid.is


HB HÚSGAGNABANKINN
RÝMINGARSALA VEGNA FLUTNINGA
Skoðið úrvalið í vefverslun okkar - www.husgagnabankinn.is
CARRERA hægindastóll
Í sterku áklæði
Tilboð kr. 49.000
Victorian teborð
Tilboð kr. 46.000
Regensy blaðgrindarborð
Tilboð kr. 24.000
Victorian innskotsborð
Tilboð kr. 34.000
Colonial blaðgrindarborð
Tilboð kr. 24.000
Serpentine Console
Stærð 110 x 45 sm - h. 75 sm
Tilboð kr. 54.000
SÓFABORD 110 x 70 x 46 sm
Tilboð kr. 59.000
Chippendale kommóða
105 x 50 sm - h. 130 sm
Tilboð kr. 87.000
Chippendale 180 x 55 x 225 sm
Tilboð kr. 199.000
French Curio
Tilboð kr. 73.000
Hornskápur
Tilboð kr. 73.000
Vanessa skenkur
120 x 50 sm h. 92 sm
Tilboð kr. 79.000
SJÓNVARPSSKÁPUR
121 x 46 x 66 sm
Tilboð kr. 68.000
SJÓNVARPSSKÁPUR
135 x 45 x 55 sm
Tilboð kr. 68.000
Queen Anne skenkur
114 x 44,5 sm h. 86 sm
Tilboð kr. 79.000
BENNETT Belgískt áklæði
Tilboð kr. 224.000
PORTLAND Paloma leður
Tilboð kr. 311.000
GEORGE Belgískt áklæði
Tilboð kr. 269.000
Rafknúinn hægindasófi
Alklæddur ekta leðri
Tilboð kr. 214.000
Nýkomin sending af glæsilegum harðviðarhúsgögnum - Opið 13 - 18 virka daga
www.husgagnabankinn.is - Faxafen 10, 108 Reykjavík - s. 511 0030

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Jóns Sigurðar Eyjólfssonar




## Áttu erindi í hraðbankann?

Víða er opið í fordyri bankanna svo að fólk geti hanterað hraðbankann þar í næði. Þangað fer ég stundum að taka út túkalla. En nú þegar ólífuuppskerutíminn er genginn í garð, hér í Alcalá í suðurhéruðum Spánar, koma þau líka að annars konar notum. Nú halda þar til farandverkamenn frá Afríku. Þeir fletja út pappakassa á gólfinu og sofa þar ofaná með teppahrúgu yfir sér. Árla dags fjölmenna þeir svo við rútustöðina en þangað koma jarðeigendur á jeppunum sínum og kippa þeim uppí.

Enn er næturfrostið ekki farið að næða um en það er á næsta leiti. Þá verður nóttin vitaskuld nöpur í hraðbankanum og ófýsilegt að halda útá frosinn akurinn.

Allt eru þetta ungir menn og margir hverjir óskiljanlega brosmildir. Einn þeirra sagði mér frá Ódysseifsför sinni þegar hann fór frá Senegal með fríðum hópi á slöngubát til Kanaríeyja. Var hann sjö daga á leiðinni og allar vistir og eldsneyti nánast uppurið þegar náðist í land. Enginn lést á leiðinni sem má teljast mikið lán sem margir hafa farið á mis við á leið sinni yfir Miðjarðarhafið síðustu mánuðina einsog allir vita.

Hann segist vera búinn að greiða fyrir farið svo ég veit að það tók sinn tíma en ekki veit ég hvernig þær greiðslur fóru fram og hvaða glæpamaður fékk þær á endanum. Ekki veit ég heldur hvað ræður því að hér eru farandverkamennirnir frá löndum sunnan Sahara en í næsta þorpi koma þeir nánast allir frá Rúmeníu. Ekki veit ég heldur hvert þessir „bankabúar“ fara þegar uppskeru lýkur hér. En það versta af öllu er að í raun skil ég ekki hvað veldur því að erindi okkar í hraðbankann eru svona ólík.








